



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

7. janúar 2007 – 6. tölublað – 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

SUNNUDAGUR

Með kvíðahnút í maganum

Hanni Bachman undirbýr flutninga til Danmerkur ásamt bróður sínum.

FÓLK 38



Evra og hagstjórn

„Upptaka evru myndi án efa hafa vissa kosti í för með sér, til að mynda hyrfi gengisáhætta í viðskiptum við evrusvæðið,“ segir Illugi Gunnarsson.

Í DAG 10

Enginn Justin Timberlake

Um næstu helgi verður opnuð risasýning á verkum Jóns Óskars á Akureyri.

VIÐTAL 16




Sigur á Pólverjum

Handboltalandsliðið lagði Pólverja í markaleik í Danmörku.

ÍPRÓTTIR 32



VEÐRIÐ Í DAG




BJART MEÐ KÖFLUM SYÐRA

Í dag verða norðan 8-15 m/s norðvestan og suðaustan til, annars hægari. Snjócoma eða él á landinu norðan- og austanverðu en bjart með köflum sunnan og suðvestan til. Frost 0-6 stíg.

VEÐUR 4

LESTUR MEDAL 12-49 ÁRA
allt landið

Sunnudagur



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Capacent í nóvember 2006.



FJÖGUR ÁR TIL VIÐBÓTAR Þrátt fyrir að hafa fótbrotnað á skiðum á dögunum sór Arnold Schwarzenegger í gær embættiseið öðru sinni sem ríkisstjóri Kaliforníu. Eiginkona Schwarzeneggers, Maria Shriver, og dæturnar Katherine og Christina studdu ríkisstjórnann við embættistökuna. Hasarmyndahetjan fyrrverandi bar sig vel og nýtur ekki síður hylli í pólitik en kvikmyndum. MYND/GETTY IMAGES

Forsætisráðherra Íraks: Segir aftökuna innanríkismál

ÍRAK, AP Nuri al-Maliki, forsætisráðherra Íraks, hótaði í gær að endurskoða samskipti við þau ríki sem hafa gagnrýnt aftöku Saddams Hussein, fyrrverandi forseta Íraks. Hann sagði í ræðu að aftakan væri íraskt innanríkismál sem aðrar þjóðir ættu ekki að skipta sér af.

Í ræðunni, sem haldin var í tilefni þess að 85 ár eru liðin frá stofnun Íraska hersins, sagði Maliki einnig að Íraskar hersveitir muni ráðast til atlögu gegn uppreisnarmönnum súnnía og dauðasveitum sjá á næstu dögum.

Hersveitir Íraka munu fá hjálp Bandaríkjahers í þessari baráttu, en búist er við að George Bush Bandaríkjaforseti muni bráðlega tilkynna um fjölgun í herliðinu.

Þó gæti honum reynst erfitt um vik að útvega fjárveitingar fyrir fjölguninni. Demókratar, sem eru nú í meirihluta í báðum deildum þingsins, eru eindregið á móti þeim áformum.

- sfs

Fjölgar um þriðjung í ASÍ

Sprenging hefur orðið í verkalýðshreyfingunni á örskömmum tíma. Frá árinu 2000 hefur félögum í ASÍ fjölgað um þriðjung, eða tæp 24 þúsund. Fjölgunin nemur mörgum þúsundum á hverju ári. Hæsti toppurinn varð 2002 til 2003. Tekjur verkalýðsfélaganna hafa aukist um mörg hundruð milljónir króna árlega.

VINNUMARKAÐUR Verkalýðshreyfingin hefur þanist út á síðustu árum vegna aukinna umsvifa í hagkerfinu og komu erlends vinnuafis. Félögum í ASÍ hefur fjölgað úr því að vera tæplega 76 þúsund árið 2000 í yfir hundruð þúsund árið 2006. Félagsmennirnir voru rétt tæplega hundruð þúsund talsins árið 2005 og þeim fjölgaði í fyrra en ekki skýrist fyrir en síðar á árinu hver fjölgunin var nákvæmlega.

Mestur var vöxturinn milli árána 2002 og 2003, eða um rúma 7.600 félagsmenn, og næstmestur milli árána 2004 til 2005 eða um rúma sex þúsund féлага. Einnig jókst félagafjöldinn um fimm þúsund milli ára 2001 til 2002 og aftur 2003 til 2004. Miðað er við félagsmenn Alþýðusambands Íslands.

Mestur hefur vöxturinn verið hjá

Starfsgreinasambandinu eða um fimmtán þúsund manns og hann er næstmestur hjá verslunarmönnum þar sem fjölgunin nemur nokkrum þúsundum. Félagar í Starfsgreinasambandinu fóru úr 33 þúsundum í 48 þúsund árið 2006. Áætlaður fjöldi er um fimmtíu þúsund nú í ársbyrjun.

Mesta aukningin hjá einstöku félagi er hjá Afli fyrir austan. Þar hefur félagsmönnum fjölgað um 53 prósent milli árána 2005 og 2006. Inni í því er ekki fjölgunin í Reyðarfirði.

Tekjur verkalýðshreyfingarinnar hafa vaxið í takt við félagafjölgunina. Starfsgreinasambandið er stærsta félagið innan ASÍ. Tekjur Starfsgreinasambandsfélaga hafa til dæmis vaxið úr 528 milljónum árið 2003 í 735 milljónir króna áætlaðar tekjur árið 2006.

„Auðvitað hefur breyting á vinnumarkaði stækkað verkalýðsfélögin og gert þau burðugri. Á sama tíma hefur aðildarfélögum ASÍ fækkað úr 240 í tæplega sjötíu í dag þannig að það hefur átt sér stað gríðarlega mikil hagræðing, sameining og stækkun féлага og við það hefur losnað úr læðingi fjármagn sem hægt er að beita meira í réttindi og virkara starf. Samhlíða þessu hafa orðið til ný verkefni sem kalla á aukna fjármuni,“ segir Gylfi Arnbjörnsson, framkvæmdastjóri ASÍ.

„Áþreifanlegast í verkalýðsmálunum er sá Evrópuvinnumarkaður sem var ekki fyrir fimm árum en er orðinn núna. Við erum að fást við alþjóðleg fyrirtæki á grundvelli Evrópureglugerða og aukinn innflutning á verkafólki,“ segir Skúli Thoroddsen, framkvæmdastjóri Starfsgreinasambandsins.

- ghs

Refaskyttan Flosi Ingólfsson sló líklega Íslandsmet í refaveiði í Flugustaðadal:

Skaut fimm refi á 20 mínútum

VEIÐI Refaskyttan Flosi Ingólfsson á Flugustöðum í Álftafirði skaut fimm refi á svonefndri Mosfellsheiði í Flugustaðadal í október síðastliðnum. Á heimasíðu Djúpvogshrepps kastar Björn Hafþór Guðmundsson sveitarstjóri þeirri spurningu fram hvort um Íslandsmet sé að ræða, og það sé þá fólgið í því að aldrei fyrr hafi verið skotnir svo margir fullorðnir refir á jafn skömmum tíma. Flosi skaut dýrin fimm nefnilega á aðeins tuttugu mínútum.

Flosi gerir ekki mikið úr tali um að hann hafi sett Íslandsmet. „Það var nú ekki horft mikið á klukkuna á meðan. Þetta voru kannski 22 mínútur.“

Hann segir að flestir séu þeirrar skoðunar að mikið sé af ref

fyrir austan um þessar mundir en þessi veiði sé ekki til marks um það. „Að minnsta kosti fjögur af dýrunum sem ég skaut nú voru úr vorgoti ársins 2006. Systkini úr sama goti halda stundum hópinn fram eftir hausti og það er frekar skýringin.“

Flosi segist lengi hafa fengist við refaveiðar. „Ég skaut fyrsta refinn á afmælisdaginn minn árið 1960, þá tvítugur. Það var tilviljun að við fórum þennan dag en við hittum á dýr sem ég skaut.“ Inntur eftir því hversu margir refir liggi í valnum frá því hann skaut fyrsta dýrið á tvítugsafmælisdaginn fyrir 47 árum er Flosa illa við að svara án þess að taka það saman. Hann viðurkennir þó að þeir séu nokkur hundruð.

- shá



MEÐ GÓÐA VEIÐI Flosi Ingólfsson með væna veiði. Hann skaut fimm refi á tuttugu mínútum í haust sem hugsanlega er Íslandsmet. MYND/KRISTÍN

Útsala

Endalaust úrval!

Opið 13-17 í dag

Kringlan

ÞÚ FANGAR VÍÐÁTTUNA



ISLENSKA/SIA/IS/ICE 35608 01/07

Þú öðlast nýjan kraft í Lexus RX350. Afkastamikil vél og háþróaður tæknibúnaður vinna gegn þyngdarafllinu og gera þér kleift að sækja fram hvort sem er á athafnavegum borgarinnar eða á ævintýraslóðum utan við byggð. RX350 er lúxussportjeppi þar sem þú kemst næst því að kynnast sömu fullkomnun og auðkennir listamáði náttúrunnar.

Komdu og gefðu Lexus RX350 færi á að uppfylla ýtrustu kröfur sem þú gerir til lúxussportjeppa. Við vitum hver niðurstaðan verður. Hún kemur þér ef til vill á óvart en hún kemur okkur ekki á óvart. Lexus RX350 er smíðaður í þeim tilgangi að uppfylla óskir þeirra sem gera kröfur til sjálfs sín og kröfur til annarra. Þess vegna verður niðurstaðan gagnkvæm virðing milli þín og Lexus RX350.

Verð frá: 5.890.000 kr.

Nýbýlavegi 6 Kópavogur Sími 570 5400 www.lexus.is

 **LEXUS**
The pursuit of perfection

120 ¹⁸⁸⁶/₂₀₀₆

SÖGUSÝNING

Landsbankinn

— 120 ára —



Opið í dag

Sögusýningin er til húsa í Aðalstræti 6 og spannar 120 ára sögu bankans og þjóðarinnar. Skemmtileg upplifun fyrir alla fjölskylduna.

Á Sögusýningu Landsbankans er margt markvert að sjá og skoða, ekki aðeins úr bankasögunni heldur eru dregnar upp myndir úr þjóðlífi fyrri tíðar enda saga bankans og þjóðarinnar samtvinnuð á ýmsan hátt.

Gestum er boðið upp á sögulegan fróðleik í máli og myndum. Leikmyndir og munir frá mismunandi tímum vitna um ólíkan tíðaranda auk þess sem hljóðsetning, myndbönd, líkön o.fl. setja svip sinn á sýninguna.

Á sýningunni má m.a. sjá skrifstofuherbergi frá árinu 1886, nýtt módel sem sýnir miðbæinn eftir brunann mikla 1915, tækniþróunina allt frá pennastöng til samskiptatækja nútímans og líkan af framtíðarskipulagi miðborgarinnar.

Í dag, sunnudag:

Sýningin verður opin frá kl. 13.00–17.00

Kl. 15.00 – leiksýningin „Brot úr sögu banka“

Farandleikhús Landsbankans sýnir *Brot úr sögu banka*, leikdagskrá í léttum dúr þar sem rakin er saga Landsbankans, árin 1886–2006, í tónum og tali. Handritshöfundur er Felix Bergsson, leikstjóri er Valur Freyr Einarsson og leikendur eru Björgvin Franz Gíslason, Jakob Þór Einarsson og Kristjana Skúladóttir. Valdimar Kristjánsson stjórnar lifandi tónlist. Sýningin fór á milli útibúa Landsbankans í haust við miklar vinsældir.

Sögusýning Landsbankans
Aðalstræti 6 (húsnæði TM). Sími: 410 4300
Opið virka daga kl. 11.00–17.00 og helgar kl. 13.00–17.00




Landsbankinn

Banki allra landsmanna í 120 ár

Tólf mánaða verðstöðvun á mjólkurafurðum

Mjólkuriðnaðurinn ákvað í október sl. að heildsöluverð á mjólk og mjólkurafurðum myndi ekki hækka næstu 12 mánuðina.

- Verðstöðvunin er **framlag** mjólkuriðnaðarins og mjólkurframleiðenda til þess að **lækka** matarverð hér á landi.
- Mjólkuriðnaðurinn hefur á undanförnum árum **lyft grettistaki** í að lækka verð til neytenda með **hagræðingu** hjá mjólkurbændum og vinnslustöðvum. Um síðustu áramót var **stórt skref** stigið í þessa átt með **stofnun Mjólkursamsölnnar**, rekstrarfélags mjólkuriðnaðarins í landinu. Stofnun Mjólkursamsölnnar fylgir mikil hagræðing sem kemur bæði neytendum og bændum til góða.



Próun vinnslu- og dreifingarkostnaðar mjólkur og vísitölu neysluverðs á tímabilinu desember 1990 til október 2006. Áætlunin er til ársloka 2007.

- Í samvinnu við stjórnvöld og fulltrúa neytenda hefur mjólkuriðnaðurinn **unnið markvisst** að hagræðingu í framleiðslu og dreifingu mjólkur, til að tryggja neytendum hagstætt verð.
- Mjólkuriðnaðurinn hefur það að leiðarljósi að **gæta hagsmuna** mjólkurframleiðenda og **neytenda**.

Vorhugur í vinstri - grænum

Starf og kosningabaráttu Vinstri grænna á nýju ári hefst með fundum í öllum kjördæmum landsins

Rætt verður um undirbúning landsfundar og kosningarnar framundan
Formaður og varaformaður VG mæta á fundina auk frambjóðenda

Reykjanesbær, sunnudag 7. janúar kl. 20:00 á Ránni


Akranes, mánudag 8. janúar kl. 20:00 í Hvíta húsinu, Skólbraut 9

Akureyri, fimmtudag 11. janúar kl. 20:00 á Hótel KEA

Hafnarfjörður, miðvikudag 17. janúar kl. 20:00 Samkomusal Hauka, Ásvöllum

Reykjavík, mánudag 22. janúar kl. 20:00 í Suðurgötu 3

Allir velkomnir



VINSTRIHREYFINGIN
grænt framboð
www.vg.is

FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSINGASÍMI
550 5000

VIRKJUM KRAFT KVENNA

Fimmtudaginn 11. janúar 2007 kl. 8:00-12:00

Námsstefna á Hótel Nordica um konur og stjórnun fyrirtækja

8:00 Morgunverður og skráning

8:30 Setning

8:45 Leiðtoginn

9:05 Konur sem stjórnendur – umræður

9:50 Kaffi

10:20 Skyldur og ábyrgð stjórnarmanna í hlutafélögum

10:40 Konur og stjórnarseta

10:50 Val í stjórnir – umræður

11:35 Samantekt námsstefnustjóra

Jón Sigurðsson,
iðnaðar- og viðskiptaráðherra

Svafa Grönfeldt,
nýr rektor HR

Elín Sigfúsdóttir, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbanka Íslands hf.
Hafdís Jónsdóttir, framkvæmdastjóri Lauga Spa
Hrönn Greipdóttir, hótélstjóri Radisson SAS Hótel Sögu
Steinunn Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Glitnis í London

Lilja Dóra Halldórsdóttir, lögfræðingur, MBA, aðjúnkt við viðskiptadeild HR

Hildur Petersen, stjórnarformaður SPRON og Kaffitárs

Benedikt Jóhannesson, framkvæmdastjóri Heims hf.
Jafet S. Ólafsson, stjórnarmaður VBS fjárfestingabanka hf.
Þorkell Sigurlaugsson, framkvæmdastjóri þróunarsviðs HR

Námsstefnustjóri er Þórunn Jónsdóttir framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar hjá Vistor. Þátttökugjald kr. 2.500 með morgunverði og kaffi. Skráning á vef Samtaka atvinnulífsins – www.sa.is



FKA

IÐNAÐAR- OG
VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Áframhaldandi aðgerðir vegna strands Wilson Muuga:

Olíuhreinsun lokið

HVALSNESFJARA Búið er að hreinsa alla olíu úr tönkum og lest flutningaskipsins Wilson Muuga sem strandaði í Hvalsnesfjöru fyrir jól en um fjörutíu tonn af afgangsolíu náðust upp úr lest skipsins um miðja þessa viku. Afgangsolían var sett í færangleg kör og flutt í land með þyrlu.

Hugsanlega er enn einhver olía milli banda í botntönkum Wilson Muuga, eftir því sem fram kemur í tilkynningu frá Umhverfisstofnun og verður fylgt með því hvort hún komi upp í lestina næstu daga. Næsta skref málsins er að fjarlægja skipið og hafa eigendur frest fram í miðjan janúar til að skila áætlun um það.

- ghs



Í HVALSNESFJÖRU Síðustu leifar af olíunni í Wilson Muuga voru fluttar í land með þyrlu.



KLEFI Á LÖGREGLUSTÖÐINI Á HVERFISGÖTU Rannsóknir sem gerðar voru í samstarfi við Ríkislögreglustjóra hafa leitt í ljós að allt að sjö prósent þeirra sem yfirheyrðir eru hér, ljúga upp á sig sök.

FRÉTTABLAÐIÐ/TOBÍAS

Játa á sig glæp fyrir athyglina

Niðurstöður íslenskra sálfræðirannsókna á þeim sem játa á sig glæpi vekja heimsathygli. Sumir vilja verða alræmdir eða telja sig verðskulda refsingu.

VÍSINDI Fjölmargir saklausir borgarar játa á sig sök við yfirheyrslur. Fari játningar fram á lögreglustöð, má draga í efa allt að sjö prósent þeirra. Tíundi hver íslenskur framhaldsskólamei, sem segist sekur um eitthvað, gæti verið að ljúga.



GÍSLI H. GUÐJÓNSSON

Sálfræðirannsóknir íslenskra vísindamanna á þessu sviði hafa leitt ofantalið í ljós og vakið heimsathygli.

Nýlega var Gísli H. Guðjónsson, prófessor í réttarsálfræði við Lundúnaháskóla, í viðtali á BBC-4 vegna þeirra. Gísli hefur rannsakað falsjátningar í 27 ár, oft í samstarfi við Jón Friðrik Sigurðsson sálfræðing, og hefur verið breskum yfirvöldum innan handar í fjölmörgum alvarlegum dómsmálum þar sem ranglega dæmdir menn fengu uppreisn æru.

Margs konar ástæður eru fyrir því að saklaust fólk segist bera sök í máli og má flokka slíkar játningar í þrjú grunnhópa. Fyrst telur Gísli þá sem taka á sig sök án þvingunar: „Þessir bjóða sig fram til refsingar og gæti það verið vegna brenglaðs raunveruleikaskyns, að þeir átti sig ekki á því hvað þeir hafi gert og ekki gert. eða þeir vilji vekja á sér athygli, verða alræmdir. Stærstur hluti þessa hóps er þó sá sem játar til að

hylma yfir með félögum sínum.“

Þetta sást til dæmis í viðamikilli könnun á um 10.000 íslenskum framhaldsskólameimum. Tíundi hluti þeirra hafði logið upp á sig sök í viðtölum við kennara og foreldra. En ekki einungis til að bjarga skinni félaga: „Viðhorf unglunga til foreldra og upplendis virðist skipta máli, því fylgni fannst milli neikvæðra viðhorfa til foreldra eða upplendis og tilhneigingarinnar til að játa á sig glæp sem ekki var framinn.“ Sum barnanna virðast því vilja láta refsa sér vegna annarlegrar sektarkenndar.

Annar hópur manna ræður einfaldlega ekki við þvingunina sem fylgir yfirheyrslu og sérstaklega ekki á lögreglustöð. „Þetta er langstærsti hópurinn í alvarlegum málum. Þeir bara réðu ekki við yfirheyrslurnar. Vilja losna strax og hugsa ekki um afleiðingarnar.“

Í þriðja stað má telja þá saklausa sem hreinlega trúá þeim ásökunum sem á þá eru bornar. Treysta ekki eigin minni og sannfæringu. „Já, einnig gerist það að lögreglan telji fólk trú um að það hafi framið afbrot,“ segir Gísli: „Til dæmis í Birgitta Tengs-málinu sem ég vann að í Noregi. Þar var vel greindur unglungur, níttján ára gamall, sem lögreglan hélt að hefði myrt frænku sína. Hann trúði því sjálfur í marga mánuði.“

Gísli er bjartsýnn á framtíð þessara rannsókna og segir stórum áfanga náð með samvinnu Landspítala, Háskólum Íslands og Reykjavíkur og Lundúnaháskóla.

klemens@frettabladid.is

Hornafjarðarhumar 1 kg.

Verð
799 kr.kg

40%
afsláttur

Goða Tytteberjalæri

allt í matinn á einum stað

Birt með fyrirvara um prentvillur
Tilboðin gilda til 7. janúar eða á meðan birgðir endast
www.netto.is

netto

Akureyri - Grindavík - Mjódd Reykjavík - Salahlavferfi Kópavogi

ÚTSAULA

MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI

ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR

BROT AF ÞVÍ BESTA

Brauðristar, kaffivélar, sléttujárn, hárbلاسarar og fleira frá kr. 995

Sjónvörp með allt að 200.000 króna afslætti

NAD hljómtæki með miklum afslætti

Þvottavélar á frábæru verði

Útlitsgallaðar vörur með miklum afslætti

Skoðið tilboðin á www.ht.is

TAKMARKAÐ MAGN

Fyrstur kemur - fyrstur fær!

OPIÐ Í DAG KL. 12-18

 **Heimilistæki**
UMBOÐSMENN UM LAND ALLT www.ht.is

REYKJAVÍK SÆTÚNI 8 SÍMI 569 1500	AKUREYRI GLERÁRGÖTU 36 460 3380	SELFÖSS EYRARVEGI 21 480 3700
---	--	--

CASIO Lenco NAD KENWOOD PHILIPS SuperTech UNITED BEKO DeLonghi elna exdo
ide line Melissa TecnoWind Bauknecht Bompani GeneralFrost INDESIT VESTFRÖST Whirlpool

ANNA MJÖLL ÓLAFSDÓTTIR ER 37
ÁRA Í DAG

„Í morgun vaknaði ég við fuglasöng og sólskin, kreisti appelsínur og fór út að labba með hundana í stuttbuxum og strigaskóm. Þannig að ég get ekki kvartað.“



tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 7. JANÚAR 1979

Pol Pot steppt af stóli

Á þessum degi árið 1979 réðust vietnamskir hermenn inn í Pnohm Penh, höfuðborg Kambódíu og steptu ógnarstjórn Pol Pot og Rauðu Khmeranna af stóli.

Pol Pot stofnaði rauðu Khmerana í frumskógum Kambódíu á 7. áratugnum. Þeir aðhylltust róttækar kommúnistakenningar sem miðuðu að því að útrýma vestrænum áhrifum í Kambódíu og koma á samfélagi sem studdist einungis við landbúnað. Árið 1970 hófu Rauðu Khmerarnir skæruliðaárásir á stjórnarhermenn. Þeir nutu stuðnings norðurvietnamskra stjórnvalda og náðu fljótt þriðjungi ríkisins undir sig. Vietnamskir kommúnistar höfðu tögl og hagdir í sumum héraðum landsins en hrökkluðust burt vegna loftárása Bandaríkjamanna árið 1973. Þar með myndaðist valdatóm sem Pol Pot nýtti sér og fyllti. Árið 1975 stepti hann ríkisstjórninni og stofnaði Alþýðulýðveldið Kampútseu.



Pol Pot beið ekki boðanna heldur hófst handa við að koma á útópisku akuryrkju-samfélagi. Borgir voru tæmdar, verksmíðjum og skólum lokað, gjaldmiðillinn felldur niður og eignarréttur afnuminn. Sá sem sýndi þess merki að vera menntaður, til dæmis þeir sem töluðu erlent tungumál, voru teknir af lífi. Iðnaðarmenn voru líka líflátnir sem og þeir sem áttu gleraugu, armbandsúr og aðra „nútimatækni“.

Á árunum 1975 til 1978 létust tvær milljónir Kambódíumanna af völdum ógnarstjórnarinnar. Árið 1978 réðust vietnamskir hermenn inn í landið og náðu Pnohm Penh á sitt vald í ársbyrjun 1979. Hófsöm kommúnistastjórn tók við völdum en Pol Pot og rauðu Khmerarnir höfðu inn í frumskóg. Khmerarnir héldu skæruliðaárásum sínum áfram á næstu árum. Pol Pot var síðar fangelsaður af félögum sínum á 10. áratugnum. Hann lést í stofufangelsi árið 1998.

MERKISATBURÐIR

- 1610 Galileo uppgötvar þrjú tungl Júpíters, þau Íó, Evrópu og Ganímedes.
- 1730 Árni Magnússon prófessor deyr í Kaupmannahöfn.
- 1785 Blanchard og Jeffries fara í loftbelg yfir Emarsund, fyrstir manna.
- 1906 Fyrsta Ungmennafélagið, Ungmennafélag Akureyrar, stofnað.
- 1942 María Markan syngur hlutverk greifafrúarinnar í Brúðkaupi Figarós í Metropolitan-óperunni í New York.
- 1953 Truman forseti segir frá nýju vopni: Vetrissprengjunni.
- 1989 Hirohito Japanskeisari deyr og Akihito tekur við.
- 1999 Réttarhöld hefjast yfir Clinton forseta.



Ástkær dóttir okkar, systir, og barnabarn
Sara Líf Sigurðardóttir

lést aðfaranótt fimmtudagsins 4. janúar á Barnaspítala Hringins. Útför fer fram í kapelli Hafnarfjarðarkirkjugarðs þriðjudaginn 9. janúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hinnar látnu er bent á sjóð Barnaspítala Hringins.

Sigurður Villi Stefánsson
Sigurbjörg G. Hannesdóttir
Sóley Líf Sigurðardóttir
Stefán O. Sigurðsson
Jónína Friðriksdóttir
Hannes Freyr Guðmundsson
Hanna Sigríður Jósafatsdóttir



Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur vináttu, samúð og hlýðug við andlát og útför ástkærrar eiginkonu minnar, móður, tengdamóður, ömmu og langömmu,
Ástu Guðríðar Lárusdóttur.

Sérstakar þakkir viljum við færa starfsfólki deildar 3 á Sólvangi í Hafnarfirði fyrir einstaklega góða umönnun og hlýtt viðmót.

Eyjólfur Einarsson
Friða Guðbjörg Eyjólfsdóttir
Ágúst Finnsson
Guðmundur Þórðarson
barnabörn og barnabarnabarn.



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur hlýðug og samúð við andlát og útför elskulegs eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,
Samúels Ólafssonar,
velstjóra, Tungu, Hvalfjarðarsveit.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki E-deildar Sjúkrahúss Akraness fyrir hlýju og frábæra umönnun. Guð blessi ykkur öll og megi nýja árið færa ykkur farsæld.

Fjóla Sigurðardóttir
Linda Guðbjörg Samúelsdóttir
Ólöf Húnfjörð Samúelsdóttir
Guðni Þórðarson
Árni Aðalsteinsson
og afabörn.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir í smáletursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.



KRISTJÁN HREINSSON Kristján tekur á móti vinum og vandamönnum á heimili sínu í Skerjafirðinum í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

KRISTJÁN HREINSSON: FIMMTUGUR Í DAG

Lofar rússneskum pönnukökum

Kristján Hreinsson, skáld, er fimmtugur í dag. Í tilefni dagsins ætlar hann að hafa opið hús heima hjá sér í Skerjafirðinum frá klukkan 15 til 20 fyrir vini og vandamenn.

„Ég veit ekki hvort það koma fimm, fimmtíu eða fimm hundruð. Komi þeir sem koma vilja,“ segir Kristján, sem lofar góðum móttökum. „Það verður tekið skáldlega á móti þeim sem sýna sig og ég get lofað rússneskum pönnukökum,“ segir hann og bætir því við að ostapinnar og jarðaber með súkkulaði verði einnig á boðstólunum.

Spurður hvað hann ætli að gera eftir að gestirnir eru farnir heim, segir hann ekki vita það alveg. „Ætli maður reyni ekki að líta yfir farinn veg og reyna að skilja ræðurnar sem fluttar verða og athuga hvort maður

hafi átt allt hrósið skilið, svo maður gerist nú hógvær,“ segir hann og hlær.

Kristján segist ekki hafa ráðið tónlistarmenn til að spila í veislunni. „Þeir eru farnir að skipta hundruðum tónlistarmennirnir sem ég hef starfað með í gegnum tíðina. Ég er með píanó, hljómborð og gítar heima hjá mér og þeir mega láta ljós sitt skína sem vilja. Ef þeir vilja taka eitthvað eftir mig væri það ekki verra. Textarnir mínir eru orðnir um fimm hundruð og betri afmælisgjafir gæti ég ekki fengið.“

Hann óttast sextugsaldurinn ekki neitt og tekur honum fagnandi ef eitthvað er. „Eins og Maggi Kjartans orðaði það í sínu afmæli þá vissi hann ekki um neinn sem hafi þótt skemmti-

legra að fara upp með lyftunni heldur en renna sér niður, ef maður líkir ævinni við skíðaferð. Ég býð spenntur eftir að renna mér niður og vona að salibunan verði löng og ekki leiðinlegri en leiðin hefur verið.“

Kristján hefur í nógu að snúast um þessar mundir. Hann er með tvær bækur í smíðum, eina barnabók og aðra fyrir lengra komna, auk þess sem hann er að setja saman barnaplötu sem kemur út á þessu ári. Þar fyrir utan á hann hvorki meira né minna en átta texta af þeim 24 sem verða sungnir í undankeppni Eurovision. Að auki hefur hann verið beðinn um að búa til afmæliskvæði fyrir fjórar manneskjur og ætti því að vera kominn í mikið afmælisstuð þegar veislan hefst í dag.

freyr@frettabladid.is



Þökkum vináttu og samúð vegna andláts og jarðarfara elskulegrar móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu

Sigríðar Fannýjar Ásgeirsdóttur

frá Lækjarbakka, Skagaströnd.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Heilbrigðisstofnunarinnar á Blönduósi, með innilegri þökk fyrir frábæra umönnun. Gleðilegt nýtt ár.

Ása Jóhannsdóttir
Pétur Steinar Jóhannsson
Gissur Rafn Jóhannsson
Gylfi Njáll Jóhannsson
Guðrún Víglundsdóttir
Gyða Þórðardóttir
Guðrún Ólafsdóttir
ömmubörn og langömmubörn.



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, bróðir og afi,

Magnús Þór Magnússon

Dr. Ing. rafmagnsverkfræðingur,
Barðaströnd 20, Seltjarnarnesi,

sem lést föstudaginn 29. desember, verður jarðsunginn frá Hallgrímskirkju miðvikudaginn 10. janúar kl. 13.00.

Hrefna M. Proppé Gunnarsdóttir

Áslog María Magnúsdóttir
Þorsteinn Ingi Magnússon
Katrín Lilly Magnúsdóttir
Margrét O. Magnúsdóttir
og barnabörn
Haukur Birgisson
Jóhanna Guðrún Pálmadóttir
Gylfi Þór Þórisson
Stefán Hreiðarsson

Kraftmikil vetrardagskrá



8 vikna námskeið hefst 8. janúar

KONUR ÁTAK KARLAR ÁTAK PEAK PILATES

- 1. og 2. stig
- NÝBAKAÐAR MÆÐUR með börnin með- sérhópur
- ELDRI BORGARA- sérhópur

ROPE YOGA

- takmarkaður fjöldi

JÓGA á meðgöngu

- takmarkaður fjöldi

HERÞJÁLFUN

- Námskeið fyrir þá sem vilja meira en við hin

CAPOEIRA ^{nýtt}

- Afrísk og brasilísk sjálfsvarnarlist

12 vikna námskeið hefst 15. janúar

LÍKAMI FYRIR LÍFIÐ

- Fyrir konur
- **12 vikna námskeið** í World Class Laugum, Spöng og Húsi Orkuveitunnar. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ eftir Dr. Pamelu Peeke höfð til hliðsjónar.
- **Innifalið:** Hvatningarfyrrlestur, næringarráðgjöf, kennsla á tæki, mælingar, aðhald, næringarfyrrlestur og heilsumappa. Bókin „Líkami fyrir lífið fyrir konur“ á sértilboði fyrir þátttakendur á námskeiðinu.

SPORTSKÓLI WORLD CLASS

Íþróttaskóli fyrir börn frá tveggja til sex ára. Farið verður með börnunum í fjölbreytta og skemmtilega leiki þar sem hreyfigeta þeirra er örvuð. Þetta er frábært tækifæri fyrir börn til að fá holla hreyfingu, þroskast og dafna.

DANSSTÚDÍÓ WORLD CLASS

Streetstyle, Jazz, Hip Hop, Freestyle og barnadansar.

Skráning í Laugum í síma 553 0000 og Spönginni í síma 553 5000

Nú er hægt að ganga frá skráningu á öll námskeiðin á heimasíðu okkar www.worldclass.is

Ný og fjölbreytt stundaskrá tekur gildi 2. janúar sjá www.worldclass.is

Aðgangur að Laugardalslaug, tækjasölum og opnum tímum fylgir námskeiðum.



Laugar s. 553 0000 - Spöngin s.553 5000 - Í húsi Orkuveitunnar s.562 6200

www.worldclass.is

EKKI GRÍSA á gott veró!

1349 kr. kg.
Goða hátíðarlambalæri
25% afsláttur

40% afsláttur
449 kr. kg.
Móa kjúklingur 1/1

Íslenskir úrvals tómatar **399** kr./kg.
Gular melónur **119** kr./kg.
Spergikál/Brokkoli **239** kr./kg.

Egils Kristall 2 ltr. **119** kr./stk.

20% afsláttur
Orkustangir

Krónu hrískökur **249** kr./pk.

Holt & Gott

2 fyrir 1
Goða skinka

KRÓNUPAPPÍR
12 litar af myndum.
Krónu salernisrúllur **269** kr./pk.

Skyr.is **6 fyrir 4**
Goða medisterpylsa **25%** afsláttur

Goða kindakæfa **199** kr./pk.

Goða dönsk lifrarkæfa **199** kr./pk.

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

Ódýrt og gott

1399 kr./set pk.

Dampo frosnar kjúklingabringur 900g

499 kr./kg.

Goða súpukjöt

30% afsláttur

559 kr./kg.

Frosin ýsuflok

20% afsláttur

SPARAÐU STÓRT



ÍF Laxaflök 250g
499 kr./pk.



Freschetta pizza 4 teg.
398 kr./stk.



Tagliatelle Ommub. ferskt pasta
199 kr./pk.

Tortell. m/fyllingu Ommub. ferskt pasta
299 kr./pk.

15% afsláttur
Gouda **17%**

20% afsláttur
HELSU TVENNA



Cheerios tvöfaldur pakki
499 kr./pk.



100% ávaxtasafi
Happy day 100% ávaxtasafi 2 ltr.
259 kr./stk.

Tölvunám á vorönn 2007

Almennir notendur

Byrjendanámskeið

Vinsælt námskeið ætlað fólki á öllum aldri sem hefur enga tölvukunnáttu. Á þessu námskeiði er allt tekið fyrir sem byrjandinn þarf til að komast vel af stað í notkun tölvu.

Lengd 42 std. Verð kr. 32.900,-

Almennt tölvunám

Sérstaklega hagnýtt námskeið fyrir þá sem komnir eru af byrjunarstiginu og eru að nota tölvu í vinnu eða heima. Tilvalið námskeið fyrir þá sem vilja auka öryggi sitt í allri tölvuvinnslu með aukinni þekkingu, hraða og færni.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur.
Lengd 63 std. Verð kr. 39.900,-

ECDL tölvunám

Alþjóðlegt tölvunám hentar fólki á öllum aldri sem vill fá ítarlega þekkingu og þjálfun í öllum helstu tölvugreinum og alþjóðlega vottun því til staðfestingar.

Helstu kennslugreinar: Windows, Word, Excel, Internet og Outlook tölvupóstur, PowerPoint.
Lengd 84 std. Verð kr. 65.000,-

Vefur – Grafík – Myndvinnsla

Grafísk hönnun

Vinsælt fyrir skapandi fólk sem og þá sem vilja forskot til frekara hönnunarnáms t.d. á háskólastigi. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar.

Kennt er á mest notuðu hönnunarforritin í dag, Photoshop, Illustrator og InDesign ásamt frágangi í Acrobat Distiller (PDF).
Lengd 105 std. Verð kr. 116.000,-

Vefsíðugerð – grunnur

Nám ætlað byrjendum í vefsmíði með sérstakri áherslu á myndvinnslu og myndanotkun. Tilvalið fyrir þá sem vilja koma sér upp einfaldri og þægilegri heimasíðu. Kennt á tvö algengustu forritin í vefsmíði og myndvinnslu FrontPage og Photoshop.

Lengd 42 std. Verð kr. 36.000,-

Dreamweaver

Afar vinsælt vefþróunarforrit enda bæði fjölbreytt og einfalt til að kóða vefsíður með hjálp html og css stílsníða. Áhersla lögð á praktísk verkefni og ljúka einföldum vef. Þátttakendur þurfa að hafa góðan tölvugrunn.

Lengd 31 std. Verð kr. 29.000,-

Stafrænar myndavélar

Stutt og hnitmiðað nám fyrir byrjendur. Farið yfir helstu stillingar, flytja myndir í tölvu og skipuleggja myndasafnið. Einfaldar lagfæringar mynda og myndbygging. Heimaprentun/framköllun, myndir sendar í tölvupósti, brenndar á CD/DVD diska ofl. Þátttakendur læra að sækja og nota Picasa forritið.

Lengd 14 std. Verð kr. 15.000,-

Myndbandavinnsla

Námskeið fyrir fólk sem vill læra betur á myndbandstökuvélina sína og vinna/klippa myndefnið í tölvunni sinni.

Teknar eru fyrir helstu stillingar myndbandstökuvéla, myndbandstökutækni og eftirvinnsla myndbanda í tölvu. Vistun og yfirfærsla myndbanda fyrir DVD eða vefsíðu. Myndir settar á netið ofl.
Lengd 31 std. Verð kr. 32.900,-



Tölvuskólinn þinn

Skrifstofunám

Tölvu og skrifstofunám

Viðamikilið og hagnýtt nám fyrir fólk á öllum aldri hvort sem það er á leiðinni út á vinnumarkaðinn að nýju, sjálfstætt starfandi eða vill skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði með aukinni menntun. Námið tekur fyrir öll helstu skrifstofuforritin, margmiðlun (t.d. stafrænar myndir og tónlist, CD/DVD), persónulega færni (tjáning, framkoma, sölu- og markaðsfræði, atvinnuumsóknir og viðtöl, gerð ferilskráa ofl.) og viðskiptagreinar (hand- og tölvufært bókhald, verslunarreikningur, tollskýrslur ofl.).
Lengd 260 std. Verð kr. 199.000,-



Tölvu og bókhaldsnám

Stutt og hnitmiðuð námsbraut sem hentar fólki á öllum aldri. Nám sem tekur fyrir öll helstu skrifstofuforritin sem fólk þarf að kunna skil á í nútímapjóðfélagi ásamt bókhaldi og viðskiptagreinum.
Lengd 200 std. Verð kr. 153.000,-

Bókhald 1

Sérlega hagnýtt námskeið fyrir þá sem þurfa að ná tökum á bókhaldi fyrirtækisins. Hentar einnig þeim sem hafa góðan tölvugrunn og vilja bæta við sig menntun fyrir vinnumarkaðinn.
Lengd 100 std. Verð kr. 94.000,-

Bókhald II

Stutt framhaldsnámskeið í tölvubókhaldi. Hentar þeim þeim sem hafa bókhaldsgrunn eða hafa lokið Tölvu-, skrifstofu- og/eða bókhaldsnámi og vilja bæta við sig þekkingu og færni á þessu sviði. Lengd: 32 std. Verð kr. 36.000,-

Tollskýrslugerð

Hagnýtt og ítarlegt námskeið í gerð tollskýrslna, og um meðferð allra helstu innflutningsskjala ásamt öllum helstu reglum sem varða innflutning.
Lengd 21 std. Verð kr. 28.000,-

Atvinnuumsóknir, gerð ferilskráa og ráðningarviðtöl.

Faglega gerð atvinnuumsókn og framkoma getur skipt sköpum fyrir þig. Stutt námskeið fyrir þá sem vilja skapa sér sterkari stöðu á vinnumarkaði.
Lengd 12 std. Verð kr. 12.000,-

Sérfræðinám með alþjóðlegum gráðum

MCP XP

Grunnnám fyrir þá sem vilja verða hæfir til að sjá um rekstur og uppsetningu minni og meðalstórra tölvukerfa og fá alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
Lengd 60 std. Verð kr. 88.900,- (innif. próf 70-270)

MCDST

Nám sem hentar sérstaklega þeim sem þurfa að þjónusta notendavélar í fyrirtækjum og heimilum. Grunngráða fyrir starfsmenn í tölvudeildum þar sem mikið er um útstöðvaþjónustu.
Lengd 108 std. Verð kr. 137.900,- (innif. próf 70-271 og 70-272)

MCSA

Aðalmarkmið MCSA námsins er að gera þátttakendur hæfa til að starfa sem sérfræðingar og umsjónarfólk Microsoft netkerfa og veita þeim jafnframt alþjóðlega vottun því til staðfestingar.
Lengd 240 std. Verð kr. 266.000,- með þeim fjórum prófum sem námið byggir á. (70-270, 70-284, 70-290 og 70-291. Sjá nánari lýsingu á heimasíðu skólans)

Fjarnám

Forritun C# byrjendur
Lengd 90 std. Verð kr. 63.000,-

Forritun C++ framhald I & II
Lengd 60 std. Verð kr. 48.000,-

Forritun C# framhald I & II
Lengd 90 std. Verð kr. 63.000,-

Gagnasafnsfræði
Lengd 90 std. Verð kr. 63.000,-

Forritun C++ byrjendur
Lengd 60 std. Verð kr. 48.000,-



TÖLVUSKÓLINN
ÞEKKING

FAXAFEN 10 | GLERÁRGATA 36 | WWW.TSK.IS | SÍMI: 544 2210
108 REYKJAVÍK | 600 AKUREYRI | SKOLI@TSK.IS


REYKJAVÍK & AKUREYRI



ÞÁTTUR SEM SLEGIST HEFUR VERIÐ UM



ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



Stöð 2 og Stöð 2 bíó á
ÁSKRIFTARTILBOÐ
 aðeins kr. 4.999 á mánuði*

BÓTOX OG BLIKANDI SKURÐARHNÍFAR

nip/tuck



SANNLEIKURINN ER AFSTÆÐUR



SHARK



FRÁBÆR DAGSKRÁ Í JANÚAR

Stöð 2 hefur aldrei verið betri


*gegn eingreiðslu / þú horfir til 5. mars

VINSÆLASTI ÞÁTTUR VERALDAR

American Idol



JACK BAUER,
 SNYR
 AFTUR



HREKKIR
 Í HOLLYWOOD



Sælir fálkaorðupegar og þakklátir

Á nýársdag hlutu fjórtán fálkaorðuna en hana veitir forseti Íslands tvisvar sinnum á ári. Til orðnefndar, sem Ólafur G. Einarsson fer fyrir, berast að jafnaði um hundrað tilnefningar árlega. Fréttablaðið heyrði í þeim fjórtán sem þóttu verðugir að þessu sinni og það þá góðfúslega um að svara fáeinum spurningum.

Baltasar Kormákur hlaut riddarakross fyrir framlag til leiklistar og kvikmyndagerðar:

Ætlar ekki að breyta sinni framgöngu

1. „Já, það gerði það. Ég var ekki að hugsa um það að fá hana.“
2. „Nei, það ákvað ég um. Nema ég krefst þess að vera þér-áður héðan í frá. En nei, ég lít ekki svo á að ég þurfi að breyta minni framgöngu, hafa hana virðulegri á neinn hátt, enda hefði ég tæplega fengið orðuna ef svo væri.“
3. „Ég verð að láta aðra dæma um það.“
4. „Nei, mig hefur dreymt um ýmis önnur verðlaun en þessi.“
5. „Ég hugsaði mig um þegar ég var boðaður. Ég viðurkenni það. En mér finnst þetta fallgur virðingavottur við störf mín þannig að ég ákvað að það væri ekki við hæfi. Miklu fremur yrði það til að vekja á mér óþarfa athygli. En ég viðurkenni að þar sem ég er ekki nema fertugur spurði ég mig spurninga: Er þetta tímabært? Viðeigandi? En svo ákvað ég að sýna þeim sömu virðingu og þeir sýndu mér með því að sæma mig orðunni. Mér finnst Ólafur Ragnar mjög heill í stuðningi sínum og framgöngu við íslenska menningu. Hann hélt frá-bæra ræðu á Bessastöðum við móttöku sem ég var viðstaddur um mikilvægi íslenskrar menningar. Þar var mikið af útlenskum blaðamönnum sem sögðust aldrei hafa heyrð þjóðhöfðingja tala á þeim nótum sem hann gerði. Í samhengi þess hefði ég alls ekki viljað sýna honum þá lítillsvirðingu að afþakka þetta.“



Bragi Þórðarson, bókaútgefandi á Akranesi, hlaut riddarakross fyrir störf að bókaútgáfu og æskulýðsmálum:

Mikill heiður

1. „Já, það gerði það. Ég var ekki með neinar væntingar um slíkt og hafði ekki hugleitt það.“
2. „Það get ég ekki séð. Og ekkert slíkt um að ég verði virðulegri í framgöngu. Hins vegar finnst mér þetta virðingavottur. Heiður.“
3. „Ég hef enga stöðu til meta það. Ég veit ekki hvað er lagt til mats.“
4. „Nei. Engar slíkar hugmyndir hafa verið uppi hjá mér. En ég endurtek að ég tel þetta mikinn heiður.“
5. „Nei, það kom bara tilkynning um þetta og ég sá enga ástæðu til þess að afþakka.“



Einar Sigurðsson, fyrrverandi landsbókavörður, hlaut riddarakross fyrir framlag á vettvangi upplýsinga- og safnamála:

Ber að þakka gjafir forsetans

1. „Já, það gerði það nú. Ég hafði engar grunsemdir um að þetta væri í vændum.“
2. „Nei, það tel ég nú ekki vera. En ég náttúrliga virði þetta og met eins og vera ber. Var ekki einhvern tíma sagt að mönnum bæri að vera þakklátir fyrir guðsjafir og kóngsins? Og þá ber að vera ekki síður þakklátir fyrir gjafir forsetans.“
3. „Þetta er nú erfið spurning og ég verð nú að leggja það í dóm annarra. Ekki hægt að svara því öðruvísi.“
4. „Með þessu? Nei, ég hafði nú



Spurningarnar sem hinir virðulegu fálkaorðuhafar voru beðnir um að svara voru eftirfarandi:

1. Kom þetta þér á óvart, þ.e. að fá fálkaorðuna? 2. Mun fálkaorðan breyta lífi þínu á einhvern hátt? 3. Finnst þér þú verðskulda þessa vegsemd? 4. Má segja að þarna hafi gamall draumur ræst? 5. Kom á einhverju stigi til greina að afþakka fálkaorðuna?

ekki haft neinar væntingar um þetta né leitt að því hugann. Maður auðvitað veit af þessu, tvisvar á ári er verið að veita þessar orður. En ég hafði ekki verið með hugann við það varðandi sjálfan mig. Enda nokkur ár síðan ég lét af starfi. En það voru nokkrir þarna sem þannig stóð á um svo sem.“
5. „Jahh, þetta var náttúrliga tilkynnt einhvern tíma fyrrpartinn í desember. Maður leiddi hugann að því. En við nánari athugun fannst mér ekki ástæða til heldur bæri að taka þessu með auðmýkt og þakklæti. Það var nú bara þannig.“

Einar Stefánsson prófessor hlaut riddarakross fyrir störf í þágu menntunar og læknávisinda.

Vafalaust vel meint

1. „Þetta er eiginlega of klassísk spurning til að hægt sé svara henni alvarlega. Maður veit aldrei um svona fyrirfram þannig að segja má að þetta hafi komið á óvart.“
2. „Ég hugsa ekki.“
3. „Já.“
4. „Nei. Ég ber heilmikla virðingu fyrir fálkaorðunni og er afskaplega þakklátur fyrir að verða slíks heiðurs aðnjótandi. Þetta er eitthvað sem kemur og maður er bara glaður yfir því. En ekki er það svo að ég hafi vakað á nóttunni og beðið eftir símtali.“
5. „Nei. Þetta er heiður og vafalaust vel meint. Og hvers vegna skyldi maður ekki taka því með gleði og ánægju. Hver maður á þetta við sig. En ég trúi því að maður eigi að gleðjast yfir lífinu og því góða sem það býður upp á.“



Guðrún Jónsdóttir, félagsráðgjafi á Selfossi, hlaut riddarakross fyrir frumherjastörf í félagsráðgjöf og réttindabaráttu:

Fyrir baráttu gegn kynferðislegu ofbeldi

1. „Já, þetta kom mér mjög á óvart. Ég hafði ekkert leitt að því hugann að þetta væri í aðsigi.“
2. „Nei, það held ég nú ekki. Ég er nú komin til ára minna, sígur á seinni hlutanum og ekki að vænta stórra breytinga. En mér er sýndur mikill heiður með orðuveitingunni. Er mjög þakklát og glöð. En það breytir ekki lífi mínu í stórum dráttum.“
3. „Æi, erfitt er að svara því. Ég skil þessa orðuveitingu þannig að hún sé viðurkenning vegna þess að ég átti þátt í að opna umræðuna um kynferðislegt ofbeldi gegn börnum og konum. Og standa að stofnun Stígamóta. Þannig að ég ímynda mér að það sé þess vegna og lít á þetta fremur sem viðurkenningu við þá baráttu sem ég stend ekki ein að heldur fjöldi kvenna.“
4. „Nei, nei, ég er ekki mjög mikið fyrir það í sjálfa sér, er ekki sú týpa sem sækist eftir mannvirðingum.“
5. „Nei, ég hugsaði þetta þannig að um málstaðinn væri að ræða og vildi ekki gera lítið úr honum. Þetta er eini málstaðurinn sem ég hef unnið að án þess að vera á launum, það eina sem ég hef helgað krafta mína utan launaðra starfa. Ég skil það svo að orðan sé ætluð fyrir eitthvað sem fólk gerir umfram það sem ætlast má til af því í sínu launaða starfi.“



Guðfinna Dóra Ólafsdóttir kórstjóri hlaut riddarakross fyrir störf í þágu tónlistar og kórmenningar:

Íhugaði að afþakka orðuna

1. „Já. Þetta kom mér mjög á óvart.“
2. „Ekki nema kannski fyrirágang fréttamanna en ég held að þetta breyti engu svoleidis.“



3. „Mér finnst það eiginlega ekki þótt það sé dálítið asnalegt að segja það. Einn kollegi minn hefur nú sagt það við mig að það sé svo áberandi ef ég sýni einhvern árangur í starfi. Það eru svo margir kennarar að vinna mikla sigra inni í sínum kennslustofum og vinna gott starf sem er ekki eins áberandi og að vera kórstjóri og sýna árangur vinnu sinnar opinberlega.“
4. „Nei. Mig hefur aldrei dreymt um neitt svona og ég held að allir sem þekkja mig víti það.“
5. „Já, eiginlega. Ég var mjög sein að svara en svo hringdi Örnólfur [Thorsson, ritari orðunefndar] og talaði mig inn á þetta. Það væri líka sennilega enn þá meira áberandi ef maður afþakkaði og kannski engin ástæða til þess. Þetta var mjög hátíðlegt og ánægjulegt.“

Helga Steffensen brúðuleikstjóri hlaut riddarakross fyrir framlag til leiklistar og barnamenningar:

Góð viðurkenning fyrir Brúðubílinn

1. „Já. Ég verð nú að viðurkenna að þetta kom mér skemmtilega á óvart.“
2. „Nei. Hún breytir ekki lífi mínu á nokkurn máta nema að ég er mjög ánægð og stolt að fá þetta. Orðan er góð viðurkenning á starfi mínu en ég held að þetta breyti engu öðru en að þetta lyftir manni svoltið og eykur kannski sjálfsöruggið.“
3. „Það er voðalega erfitt að svara þessu játandi. Ég veit það ekki, svei mér þá. Ég gæti best trúað því að þeir sem hafa fylgst með Brúðubílinum, að ég tali ekki um börnin, ef þau vissu nokkuð hvað þetta væri fyrir, væru alveg til í að ég fengi orðuna. Það er stór hópur sem verðskuldar þessar viðurkenningar og kannski verðskulda ég þetta ekkert síður en aðrir. Ég held bara áfram og þetta eykur löngun mína til þess. Svona viðurkenning skerpur mig bara ef eitthvað er.“
4. „Nei, ég hef aldrei alið þann draum að fá fálkaorðuna. Það á kannski frekar við fólk sem er komið svoltið við aldur. Ég er náttúrliga komin við aldur en held alltaf að ég sé svo rosalega ung en



FRÍÐARFRÆÐINGUR

Helga Þórólfsdóttir er yfirmaður alþjóðastarfs Rauða krossins á Íslandi og er menntaður friðarfræðingur. Hún segir að menntunin nýtist henni vel í starfinu.
Atvinna 10



allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR? MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

SÖLUMÆÐUR

Öflugt framleiðslu- og innflutningsfyrirtæki óskar eftir að ráða árangursdrifinn sölumann sem hefur menntun eða reynslu af sviði matvælaíðnaðar. Töluverð ferðalög fylgja starfinu, jafnt innanlands sem utan.

Starfssvið:

- Sala og eftirfylgni til viðskiptavina
- Áætlanagerð
- Auglýsingagerð
- Samskipti við birgja

Hæfniskröfur:

- Reynsla af sambærilegu starfi
- Menntun í matvælaíðnaði æskileg
- Góðir samskiptahæfileikar
- Áreiðanleiki og stundvísir
- Metnaður til að ná langt í starfi

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar um starfið.

Viðkomandi þarf að hefja störf sem fyrst.

Umsjón með starfinu hefur
Inga Steinunn Arnardóttir, inga@radning.is



Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700
www.radning.is • radning@radning.is

Veitingahúsið Hornið.

Vill ráða snyrtilegan og reglusaman þjón í sal. Reynsla æskileg. Um er að ræða 70% vaktavinnu. Tilvalið fyrir skólafólk. Þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Upplýsingar gefur Kristín í síma 898 6481.

Tæknimaður óskar eftir atvinnu

Byggingameistari, tækni- og byggingafræðingur með byggingarleyfi og full hönnunarréttindi óskar eftir framtíðarstarfi. Góð reynsla í verkefnastjórnun og eftirliti. Meðmæli til staðar ef óskað er. Getur hafið störf eftir samkomulagi.

Upplýsingar í síma 866 0087.

SÍMSVÖRUN

Þjónustufyrirtæki sem er opið allan sólarhringinn óskar eftir tveimur starfsmönnum til framtíðarstarfa við símsvörun á höfuðstöðvum sínum í Reykjavík.

Hæfniskröfur:

- Almenn tölvukunnátta
- Reynsla af símsvörun kostur en ekki nauðsynleg
- Jákvætt viðmót og hæfni í mannlegum samskiptum
- Enskukunnátta kostur

Fullt starf:

Leitað er eftir starfsmanni í fullt starf þar sem unnið er á vöktum.

Hlutastarf:

Eins er leitað eftir starfsmanni í 78% hlutastarf. Vinnutími er frá kl. 9:00-17:00, tvo til þrjá daga í miðri viku og frá miðnætti til kl. 8:00 aðra hvora helgi.

Gengið verður frá ráðningu fljótlega.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið.

Umsjón með starfinu hefur
Sonja M. Scott, sonja@radning.is



Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

RÁÐGJAFI

Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum 11 ára grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda. Vegna aukinna umsvifa óskum við eftir áhugasömum og hæfum einstaklingi í starf ráðgjafa.

Starfssvið ráðgjafa felur í sér ýmsa þætti tengda ráðgjöf og þjónustu til fyrirtækja og einstaklinga. Viðkomandi þarf að geta unnið sjálfstætt, sem og starfað sem hluti af sterkri liðsheild. Ráðgjafar okkar þurfa að hafa framúrskarandi þjónustulund og geta unnið undir álagi.

Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun m.a. á sviði mannauðsfræða kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi kostur
- Mikil hæfni í mannlegum samskiptum
- Nákvæm og skipulögð vinnubrögð
- Góð enskukunnátta
- Heiðarleiki sem og áreiðanleiki áskilinn

Um framtíðarstarf er að ræða.

Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk.
Viðkomandi þarf að geta hafið störf fljótlega.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á heimasíðu Ráðningarþjónustunnar www.radning.is og sækja þar sérstaklega um starfið. Náms- og starfsferilskrár sendist á netfangið maria@radning.is

Umsjón með starfinu hefur
María Jónasdóttir framkvæmdastjóri.



Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

Fjöldi starfa í boði

www.radning.is



Persónuleg og fagleg þjónusta

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700



Flugstoðir ohf. tóku til starfa þann 1. janúar 2007, en frá þeim degi tók fyrirtækið yfir þjónustuverkefni Flugmálastjórnar Íslands. Hjá Flugstoðum ohf. starfa um 230 starfsmenn. Helstu verkefni fyrirtækisins eru að sjá um uppbyggingu og rekstur flugvalla og veita flugumferðar- og flugleiðsöguþjónustu fyrir innanlandsflug og alþjóðlegt flug yfir Norður - Atlantshafi. Flugstoðir ohf. leggja áherslu á jafnan rétt karla og kvenna til starfa.

AÐALBÓKARI

Flugstoðir ohf. óska að ráða aðalbókara til starfa. Aðalbókari heyrir undir framkvæmdastjóra Fjármála- og stjórnunarsviðs.

Starfssvið

- Stjórnun og rekstur bókhaldsdeildar
- Færslur og afstemmingar bókhalds fyrirtækisins
- Uppgjör og reikningsskil
- Rekstrar- og fjárhagsupplýsingar bókhalds
- Áætlanagerð og eftirfylgni áætlana

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskiptafræði skilyrði
- Menntun eða reynsla á sviði endurskoðunar mikill kostur
- Reynsla af sambærilegu starfi skilyrði
- Þekking og kunnátta á Word og Excel nauðsynleg, þekking á Navision Attain æskileg
- Mjög góð tök á íslenski og enski tungu

Leitað er að starfsmanni sem hefur góða samskiptahæfileika, örugga og þægilega framkomu. Viðkomandi þarf að vera töluglögur og eiga auðvelt með að vinna undir álagi. Hann þarf einnig að vera skipulagður í verkum sínum og vera áhugasamur um störf sín.

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Sigurður J. Eysteinnsson (sigurdur.eysteinnsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

LÍN

Lánasjóður íslenskra námsmanna

Rekstur LÍN lýtur að útlánum og afborgunum lána vegna háskóla- og sérnáms á Íslandi og erlendis, en sjóðurinn annast einnig úthlutun jöfnunarstyrks til námsmanna í framhaldsskólum á Íslandi. Starfsemin skiptist í þrjár deildir, þ.e. afgreiðsludeild, fjármáladeild og lánadeild. Á undanföllum árum hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu öflugra upplýsinga- og þjónustukerfa sem ótvírátt hefur skilað sér í skilvirkari rekstri og jafnframt gefið kost á bættri þjónustu.

Nánari upplýsingar um LÍN má finna á www.lin.is

GÆÐASTJÓRI

LÍN óskar eftir að ráða gæðastjóra. Um nýtt starf er að ræða og því er þetta kjörið tækifæri til þess að móta og leiða þróun gæðastjórnunar stofnunarinnar.

Ábyrgðarsvið

- Ráðgjöf gagnvart stjórnendum á sviði gæðamála
- Mótun og viðhald gæðastefnu
- Samþætting tölverkfa og gæðastjórnunar
- Greining og útfærsla á verkferlum
- Ákvörðun mælikvarða á gæði og árangur
- Þróun og viðhald verkferla

Eiginleikar umsækjanda

- Góðir samskiptahæfileikar
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Skipulögð vinnubrögð
- Hæfni í greiningu og lausn vandamála

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf t.d. í verkfræði eða mannauðsstjórnun
- Færni í íslensku og ensku og gjarnan þekking á öðru Norðurlandamáli en íslensku
- Starfsreynsla og þekking á opinberum rekstri er kostur

Í boði er lífandi og krefjandi starfsumhverfi þar sem starfsþróun og uppbygging öflugra upplýsinga- og þjónustukerfa haldast í hendur.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Guðríður D. Hálfðanardóttir (gudridur.halfdanardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

NORÐLENSKA

AÐALBÓKARI OG BÓKARI

Norðlenska matborðið er eitt stærsta og öflugasta framleiðslufyrirtæki landsins á sviði kjötvöru. Norðlenska er með starfsstöðvar; á Akureyri, á Húsavík, í Reykjavík og á Höfn í Hornafirði.

Gæðamál eru í öndvegi hjá fyrirtækinu og um það vitna m.a. fjölmörg verðlaun sem framleiðsluvörur og starfsfólk Norðlenska hafa unnið til í matvælakeppnum, bæði innanlands og utan.

Norðlenska óskar eftir að ráða til sín aðalbókara og bókara í starfsstöð sína á Akureyri.

Aðalbókari

Starfssvið

- Ábyrgð á bókhaldi fyrirtækisins
- Almenn bókhaldsstörf
- Umsjón með tryggingamálum
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Góð reynsla og þekking á bókhaldi
- Fagmenntun kostur
- Þekking á bókhaldsforritum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta
- Nákvæmni og vandvirk vinnubrögð
- Jákvæðni og þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Bókari

Starfssvið

- Færsla bókhalds
- Afstemmingar
- Útsending greiðsluseðla
- Önnur tilfallandi verkefni

Menntunar- og hæfniskröfur

- Reynsla af bókhaldsstörfum
- Góð almenn tölvukunnátta
- Enskukunnátta æskileg
- Nákvæmni og vandvirk vinnubrögð
- Jákvæðni og þjónustulund
- Hæfni í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hefur Jónína Guðmundsdóttir (jonina.gudmundsdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Glerárgötu 36 600 Akureyri Sími 540 7120

www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

capacent VEFSTJÓRI

Capacent er stærsta rannsóknar- ráðgjafar- og ráðningarfyrirtæki landsins þar sem yfir 100 sérfræðingar með fjölbreytta menntun og reynslu starfa. Hlutverk Capacent er að aðstoða viðskiptavinum þess að ná árangri með því að umbreyta þekkingu í verðmæti. Capacent leggur metnað sinn í að skapa starfsfólki sínu ógrandi og hvetjandi starfsumhverfi. Leiðarljós starfsmanna í samskiptum við ytri og innri viðskiptavinum endurspeglast í gildum Capacent, sem eru frumkvæði, líðsheild og heilindi.

Capacent óskar eftir að ráða vefstjóra með þekkingu og reynslu af grafískri hönnun til starfa.

Starfssvið

- Umsjón með innri og ytri vefjum fyrirtækisins
- Samskipti við þjónustuaðila
- Þróun og markaðssetning á ytri vef
- Þátttaka í gerð kynningar- og markaðsefnis
- Önnur tilfallandi verkefni

Í boði er spennandi og krefjandi starf hjá einu stærsta þekkingarfyrirtæki landsins.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun sem nýtist í starfi
- Góð þekking á LiSA.net vefumsjónarkerfi skilyrði
- Þekking og reynsla af vinnu með Photoshop, Flash, Illustrator og InDesign skilyrði
- Hugmyndaauðgi og gott auga fyrir hönnun og útliti
- Mjög góð íslensku- og enskukunnátta
- Hæfni í textagerð og framsetningu texta
- Lipurð í samskiptum, rík þjónustulund og sjálfstæði í vinnubrögðum

Umsjón með starfinu hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir (ragnheidur.dagsdottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnardóttir (hildur.arnardottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 14. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 230 milljörðum króna og ársvelta er um 17 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á þessu ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

ERLEND VIÐSKIPTAÞRÓUN

Landsvirkjun óskar eftir að ráða yfirmann erlendrar viðskiptaþróunar. Um er að ræða nýtt starf sem heyrir beint undir forstjóra fyrirtækisins.

Helstu verkefni eru

- Stýra leit að fjárfestingarkostum erlendis
- Annast frummat á arðsemi og áhættu slíkra kosta
- Þátttaka í skipulagningu starfshópa sem vinna að mati einstakra verkefna
- Leiða samningaviðræður fyrir hönd Landsvirkjunar við erlenda aðila

Í boði er

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði viðskipta- og/eða verkfræði
- Framhaldsmenntun nauðsynleg
- Reynsla og þekking á sviði alþjóðaviðskipta mjög æskileg
- Hæfni til greiningar á flóknum viðfangsefnum
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti
- Mjög góð enskukunnátta
- Lipurð í samskiptum og hæfni til sjálfstæðra og skipulagðra vinnubragða

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Guðlaugur Arnarsson (gudlaugur.arnarsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

Landsvirkjun

Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 230 milljörðum króna og ársvelta er um 17 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á þessu ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

YFIRMAÐUR HEILDSÖLU

Landsvirkjun óskar eftir því að ráða yfirmann heildsölu. Starfið heyrir undir viðskiptaþróun á orkusviði.

Viðskiptaþróun á orkusviði ber ábyrgð á markaðsgreiningu og markaðsspá, heildsölu rafmagns, rafmagnskaupum og þróun nýrra viðskiptatækifæra á orkumarkaði fyrir rafmagn og varma.

Helstu verkefni eru

- Sala og gerð samninga á heildsölumarkaði
- Rekstur og uppgjör samninga
- Greining á þróun smásölu- og heildsölumarkaðar fyrir rafmagn
- Gerð markaðs- og þjónustukannana
- Sala grænna vottorða og þróun þeirra
- Önnur verkefni innan viðskiptaþróunar á orkusviði

Í boði er

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

Menntunar- og hæfniskröfur

- Tækni- og/eða viðskiptamenntun á háskólastigi
- Markaðsfræðipekking æskileg
- Starfsreynsla í markaðsgreiningu og úrvinnslu gagna
- Hæfni til þess að tjá sig í ræðu og riti
- Kunnátta í ensku og einu Norðurlandamáli áskilin
- Frumkvæði, skipulagsgáfa og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum ásamt þjónustulund

Við hvetjum konur jafnt sem karla til þess að sækja um starfið.

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Herdís Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. janúar nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, www.capacent.is

capacent
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

ATVINNA lítið. mótuneyti

Við viljum ráða jákvæðan starfsmann til þess að annast létlan hádegisverð í mótuneyti okkar. Starfið er laust nú þegar.

Um er að ræða ca. 50% starf sem felst í innkaupum og framreiðslu á hollum og léttum hádegismat fyrir 15-20 skemmtilega starfsmenn, ásamt þrifum og frágangi í eldhúsi. Æskilegt er að viðkomandi hafi bifreið til umráða.

Sendu umsókn til Huldu Snorradóttur á netfangið hulda@margtsmatt.is eða í pósti fyrir mánudaginn 15. janúar.



Guðríðarstíg 6-8, 113 Reykjavík
Sími: 585 3500 - Fax: 585 3510
www.margtsmatt.is - office@margtsmatt.is



FRAMTAK
VELA- OG SKIPAÞJÓNUSTA EHF

Járnsmiðir óskast

V.S. Framtak óskar eftir plötusmiðum, suðumönnum, nemum og mönnum vönnum járnsmiðavinnu.

Við erum að leita að mönnum í smiðju okkar að Klettagörðum 6 í Reykjavík. Þar er unnið að fjölbreyttum verkefnum fyrir sjávarútveg og iðnað ásamt verkefnum í skipum. Umsóknir með upplýsingum um umsækjanda óskast sendar á netfangið sigurjon@framtak.is og eldri umsóknir óskast endurnýjaðar, farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

V.S. Framtak var stofnað árið 1988 og er umfangsmikið í verkefnum sem tengjast gufuafli- svirkjunum, auk þess að vera leiðandi í véla- viðgerðum, gámaniðgerðum og ýmiss konar nýsmiði á sviði málmíðnaðar. Heildarfjöldi starfsmanna er um 100.

ALLSAINTS

Kringlunni - Herradeild

Við erum að leita að duglegum einstaklingum í fullt starf og hlutastarf í herradeildinni. Starfið felst í almennum verslunarstörfum og ráðgjöf til viðskiptavina.

Hæfniskröfur:

- Reynsla í þjónustu
- Áhugi á tísku
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfni
- Frumkvæði í starfi

Umsóknir til hulda@hbu.is
Umsóknafrestur til 12. janúar



Mosfellsbær
Fræðslu- og menningarsvið

Leikskólinn Hlíð -
Börn og listmenning

Deildarstjóri óskast

Leikskólakennari/deildarstjóri óskast til starfa við leikskólann sem fyrst eða eftir nánara samkomulagi í fullt starf. Til greina kemur að ráða fólk með aðra uppeldismenntun og reynslu. Áherslur í leikskólastarfi eru: Skapandi starf og listmenning. Kjör leikskólakennara eru samkvæmt kjarasamningi F.L. og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Áhugasamir hafi samband við Ásu Jakobsdóttur, leikskólastjóra í síma: 566 73 75 og 861 29 57.

Mötuneyti



Landsvirkjun

564755

Landsvirkjun óskar eftir tveimur starfsmönnum í mótuneyti sitt að Háaleitisbraut 68, RVK. Um hlutastörf er að ræða, annars vegar frá kl. 08:00-13:00 og hins vegar frá kl. 11:00-16:00.

Störfin felast í aðstoð við matargerð, framreiðslu og öðru tilfallandi. Reynsla af mótuneytisstörfum er áskilin.

Leitað er að einstaklingum sem geta unnið sjálfstætt, hafa ríka þjónustulund og eru liprir í mannlegum samskiptum. Viðkomandi þurfa að geta hafið störf sem fyrst.

Skráning og upplýsingar á www.vinna.is

Vinna.is
Sími 511-1144
www.vinna.is

vinna.is
ATVINNUMIÐLUN

Sérfræðingur í reikningshald

SPRON óskar eftir að ráða sérfræðing í reikningshald sem heyrir undir fjárhagssvið SPRON.

Starfssvið:

- Bókhald og uppgjör félaga innan SPRON-samstæðunnar
- Samstæðuuppgjör
- Skýrslugjöf til stjórnenda

Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólapróf í viðskiptafræði eða sambærileg menntun
- Reynsla af bókhaldi og uppgjöri
- Starfsreynsla frá endurskoðunarskrifstofu æskileg
- Góð tölvukunnátta
- Frumkvæði, metnaður og hæfni í mannlegum samskiptum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Árni Böðvarsson, forstöðumaður reikningshalds og hagdeildar, í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannaþjónustu SPRON, starfsmannathjónusta@spron.is, fyrir 22. janúar nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

*Spron byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUT, FRUMKVÆÐI** og **ÁRANGUR**.*

spron
- fyrir allt sem þú ert

Framúrskarandi fólk óskast til framtíðarstarfa

Oliufélagið ehf. vill ráða framúrskarandi fólk, konur og karla, til framtíðarstarfa á nýrri og glæsilegri þjónustustöð félagsins við Hringbraut, Reykjavík sem opnar í lok janúar. Leitað er að hörkuduglegu fólki með lipra þjónustulund sem langar að starfa í skemmtilegu umhverfi.

Vaktstjóri

Krefjandi og skemmtilegt starf í hressum hópi starfsmanna. Umsækjendur þurfa að hafa stjórnunarhæfileika og vera liprir í samskiptum.

Almenn afgreiðsla

Starfið felst í almennum afgreiðslu- og þjónustustörfum og hentar þeim sem eru jákvæðir og hafa gaman af samskiptum við fólk.

Útimaður

Líður þér best utandyra og lætur veðrið aldrei stoppa þig? Þá ertu hinn fullkomni útimaður.

Einnig er leitað að duglegu og samvisskusömu starfsfólki á aðrar þjónustustöðvar ESSO. Umsóknir má nálgast á vefsíðu Oliufélagsins www.esso.is. Nánari upplýsingar eru veittar hjá starfsþróunardeild í síma 560-3300.

Oliufélagið ehf. er kraftmikið þjónustufyrirtæki. Hlutverk þess er að sjá fólki og fyrirtækjum fyrir orku, rekstrarvörum og þægindum með ánægju viðskiptavina að leiðarljósi. ESSO skólinn veitir starfsmönnum nauðsynlega starfsþjálfun en mikil áhersla er lögð á endurmenntun til að auka samkeppnishæfni fyrirtækisins. Starfsmannafélag Oliufélagsins er kröftugt og lifandi. Tilgangur félagsins er að standa fyrir fjölþættri félagsstarfssemi svo sem að standa fyrir skemmtunum, fræðslu, íþróttaiðkun, ferðalögum auk þess að byggja og reka orlofshús. Nánari upplýsingar um ESSO á www.esso.is.



Franska sendiráðið Starfskraftur óskast

Sendiráð Frakklands óskar eftir að ráða starfskraft til starfa í franska sendiherrabústaðnum.

Viðkomandi þarf að sjá um þrif og viðhald hússins, geta þjónað stöku sinnum í veislum og boðum og eldað einfaldan mat.

Nauðsynlegt er að viðkomandi tali ensku.

Starfið er laust frá 1 febrúar.

Svör sendist á amb.fran@itn.is merkt "emploi résidence".

Meðfylgjandi þurfa að vera allar upplýsingar um viðkomandi ásamt starfsferilskrá.



KEAHÓTEL

Atvinna

Keahótel ehf. óskar eftir að ráða starfsfólk í gestamóttöku **Hótel Borgar**.

Um vaktavinnu er að ræða.

Nánari upplýsingar veitir Ólafur Þorgeirsson í síma 551 1440 eða með netpósti, manager@hotelborg.is

RAFVIRKJAR ÓSKAST



Rafvirkjar

Ístak óskar eftir rafvirkjum til fjölbreyttra verkefna. Um er að ræða vinnu við idrátt, rafmagnstöflusmiði, uppsetningu ljósa og annars rafmagnsbúnaðar í íþóttu- og skrifstofuhúsnæði.

Einnig óskar Ístak eftir rafvirkja til viðgerða og viðhalds á tækjum og búnaði sem tengist byggingariðnaði og vinnuvélum. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi verkefni fyrir duglega starfsmenn.

Upplýsingar um störf og umsóknareyðublöð eru á skrifstofu ÍSTAKS, Engjateigi 7, 105 Reykjavík og í síma 530 2700 milli 8:15 og 17:00.

Einnig er hægt er að senda inn umsókn á heimasíðu okkar www.istak.is.

ÍSTAK

ÍSTAK er leiðandi fyrirtæki á íslenskum verktakamarkaði. Hjá fyrirtækinu starfa um 650 manns, víðsvegar um landið sem og erlendis.

ÍSTAK er alhliða verktakafyrirtæki sem var stofnað árið 1970 og hefur annast ýmis verkefni, svo sem virkjanir, stóriðjuver, hafnar-gerð, vega- og brúagerð auk flugvalla. Ennfremur húsbýggingar fyrir opinberar stofnanir, sveitarfélög, fyrirtæki og einstaklinga.

Vodafone leitar að rauðu, traustu og kraftmiklu starfsfólki!

Vegna aukinna umsvifa leitum við að áhugasömum einstaklingum til starfa hjá okkur í spennandi verkefnum.

Upplýsingafulltrúi Markaðssvið

Starfslýsing

Starf upplýsingafulltrúa felur í sér samskipti við fjölmiðla, kynningu á vörum og þjónustu fyrirtækisins, textaskrif auk annarra fjölbreyttra verkefna.

Hæfniskröfur

Við leitum að hugmyndaðik einstaklingi sem á auðvelt með að vinna í hóp í hröðu og krefjandi umhverfi.

- Háskólamenntun.
- Reynsla.
- Brennandi áhugi á PR málum.

Verkefnastjóri Markaðssvið

Starfslýsing

Um er að ræða fjölbreytt verkefni, s.s. skipulag markaðsmála og eftirfylgni hjá einni mest spennandi markaðsdeild landsins.

Hæfniskröfur

Við leitum að hugmyndaðik einstaklingi sem á auðvelt með að vinna í hóp í hröðu og krefjandi umhverfi.

- Háskólamenntun.
- Reynsla.
- Brennandi áhugi á markaðsmálum.

Bókhald Fjármálasvið

Starfslýsing

Við óskum eftir að ráða traustan starfsmann til starfa á fjármálasviði Vodafone. Í starfinu felast m.a. bókanir á innborgunum frá viðskiptamönnum, söluuppgjör og uppgjör frá innheimtufyrirtækjum. Almenn bókun, afstemmingar og ýmis uppgjörstengd verkefni.

Starfið heyrir undir deildarstjóra bókhalds.

Hæfniskröfur

Við leitum að kraftmiklum einstaklingi með hæfni í mannlegum samskiptum.

- Nákvæmni, vandvirkni og reynsla af bókun nauðsynleg.
- Sjálfstæði og skipulag í vinnubrögðum ásamt hæfni til að vinna í hóp.
- Hæfni til að tileinka sér ný vinnubrögð hratt og örugglega.
- Góð þekking á Navision er kostur.

Umsóknir óskast útfylltar á www.hagvangur.is fyrir 15. janúar nk.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Guðmundsdóttir hjá Hagvangi, kristin@hagvangur.is, sími 520 4700.

Við sem störfum undir nýju merki Vodafone ætlum okkur að gera viðskiptavinum kleift að nýta tímann til hins ýtrasta, því hvert augnablik er dýrmætt.

Gríptu augnablikið og lifðu núna.

HAGVANGUR

vodafone



Reykjavíkurborg



MENNTASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í grunnskólum

Austurbæjarskóli, sími 411-7200.

· Náms- og starfsráðgjafi tímabundið vegna fæðingarorlofs.

Borgarskóli, sími 557-2900.

· Skólaliði

Brúarskóli, sími 520-6000.

· Kennari í 50% stöðu m.a. í forfallakennslu.

· Stuðningsfulltrúi í 75-100% stöðu.

Engjaskóli, sími 510-1300.

· Skólaliðar.

Foldaskóli, sími 540-7600.

· Náms- og starfsráðgjafi.

· Skólaliðar.

Fossvogsskóli, sími 568-0200 og 664-8192.

· Ræstingar í ákvæðisvinnu.

Grandaskóli, sími 561-1400.

· Stuðningsfulltrúar í hlutastöðum, m.a. í baðvörslu drengja.

Háteigsskóli, sími 530-4300.

· Kennari í móttökudeild og sérkennslu.

Um er að ræða 80-100% stöðu.

· Umsjónarkennari á miðstig frá 1. febrúar.

· Stuðningsfulltrúar. Um er að ræða 50 og 60% stöður.

· Skólaliðar. Um er að ræða 50-100% stöður.

Ingunnarskóli, sími 411-7828.

· Enskukennari vegna forfalla.

Laugalækjarskóli, sími 588-7500.

· Heimilisfræðikennari.

· Skólaliði.

Seláskóli, sími 567-2600.

· Skólaliði

Seljaskóli, sími 411-7500.

· Kennari á unglingsstigi í hlutastöðu til vors.

· Aðalkennslugrein er íslenska.

· Skólaliðar.

Vesturbæjarskóli, sími 562-2296.

· Ræstingar í 2,5 tíma á dag eftir kl. 16:00.

Vogaskóli, sími 553-2600.

· Myndmenntakennari í 50% stöðu til vors, vegna forfalla.

Öskjuhlíðarskóli, sími 568-9740.

· Stuðningsfulltrúar.

Frekari upplýsingar um hverja stöðu og umsóknarfresti er að finna á heimasíðu Menntasviðs, www.menntasvid.is. Upplýsingar veita skólastjórar og aðstoðarskólastjórar í viðkomandi skólum. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Öll laus störf í grunnskólum eru auglýst á www.menntasvid.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf. Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Framkvæmdadeild Orkuveitu Reykjavíkur óskar að ráða öflugt fólk til starfa. Meginverkefni Framkvæmdadeildar eru viðbrögð við bilunum, ýmis endurnýjunarverk auk smærri nýlagnaverkefna í kerfum Orkuveitunnar. Áherslan í þetta skipti er vinna við ljósleiðarakerfi Gagnaveitu OR.

Starfsfólk óskast

Orkuveita Reykjavíkur er framsækið þjónustufyrirtæki sem aflar og dreifir vistvænni orku á sem hagkvæmasta hátt og í sátt við umhverfið.

Á þjónustuvæði fyrirtækisins býr meira en helmingur íslensku þjóðarinnar.

Stefna Orkuveitunnar er að veita viðskiptavinum sínum bestu mögulegu þjónustu og sjá þeim fyrir ódýrri orku sem framleidd er úr endurnýjanlegum íslenskum orkulindum. Þannig stuðlar fyrirtækið að aukinni notkun hreinnar innlendrar orku og leggur um leið sitt af mörkum til nýsköpunar og framfara í landinu.

Orkuveitan er fjölbreyttur og lifandi vinnustaður fólks með mikla þekkingu. Fyrirtækið leitast við að vera í fremstu röð hvað snertir öryggi og vinnuumhverfi og möguleika starfsfólks á að samræma vinnu og fjölskylduábyrgð eins og kostur er.

Það er stefna Orkuveitu Reykjavíkur að auka hlut kvenna í stjórnunar- og ábyrgðarstöðum innan fyrirtækisins.

Fyrirtækið er:

Sveigjanlegt, það lagar sig að breyttum aðstæðum

Sýnir frumkvæði og er opið fyrir nýjungum

Sækir fram af eldmóði

Traust og starfar í sátt við umhverfið

Um er að ræða 2 – 3 störf við ljósleiðarakerfi OR við mælingar, tengingar og blástur ljósleiðara sem krefst mikillar nákvæmni í vinnubrögðum. Ef þú ert nákvæmur/nákvæm í vinnubrögðum, þá átt þú erindi við okkur. Orkuveitan mun sjá um nauðsynlega þjálfun þína á sviðinu.

Við leitum að duglegum, samviskusömum einstaklingum með færni í mannlegum samskiptum. Ef þú ert einstaklingur með áður nefnda hæfileika getur orðið um framtíðarráðningu að ræða. Æskilegt er, en þó ekki skilyrði, að viðkomandi hafi eitthvað af eftirfarandi réttindum/reynslu:

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf í rafvirkjun.
- Sveinspróf í símsmíði.
- Sveinspróf í rafeindavirkjun.
- Reynsla af vinnu við ljósleiðara.
- Eða sambærilega menntun eða reynslu.

Upplýsingar og umsókn með úrvinnslu umsókna hefur Sólrún Kristjánsdóttir (solrun.kristjansdottir@oris) hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Umsóknarfrestur er til og með 17. janúar 2007.

Umsækjendur eru vinsamlega beðin að sækja um störfín á heimasíðu Orkuveitu Reykjavíkur: www.oris og sendið jafnframt ferilskrá. Farið er með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



Hjúkrunarfræðingar

SÁÁ óskar eftir að ráða áhugasama hjúkrunarfræðinga í fastar stöður til starfa sem fyrst við Sjúkrahúsið Vog.

Á Sjúkrahúsin Vog er starfrækt afeitun og meðferð áfengis og vímuefnasjúkra. Þar eru 70 sjúkrarúm af þeim eru 11 á sérstakri deild fyrir ungt fólk. Auk þess er starfandi við Sjúkrahúsið göngudeild og bráðamóttaka.

Nú þurfum við að fjölga í hjúkrunarfræðingahópnum, þurfa að geta unnið nætur og/eða helgarvaktir. Stöðuhlutfall samkomulag. Góð kjör í boði, góð vinnuaðstaða og umhverfi.

Við hvetjum þá hjúkrunarfræðinga sem eru að hugsa um að breyta til í starfi þessa dagana að hafa samband við okkur og líta á aðstæður og ræða málin.

Nánari upplýsingar veitir Þóra Björnsdóttir hjúkrunarforstjóri SÁÁ thora@saa.is í síma 824 7615

GRAFÍSKUR HÖNNUÐUR TÍMABUNDIÐ STARF

Rúmfatlagerinn óskar eftir grafískum hönnuði í afleysingastarf. Starfið felst m.a. í uppsetningu vikulegra auglýsingabæklinga, auglýsingagerð fyrir prent- og fjölmiðla, merkingum fyrir verslanirnar ásamt öðrum tilfallandi verkefnum.

HÆFNISKRÖFUR

- Reynsla af auglýsingamarkaðnum
- Geta til að vinna sjálfstætt
- Skipulögð og markviss vinnubrögð
- Jákvætt viðhorf
- Áráðni og hugmyndaflug
- Geta til að vinna undir álagi
- Hress og skemmtilegur persónuleiki
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsóknir sendast á: rumpfatalagerinn@rumpfatalagerinn.is fyrir föstudaginn 20. janúar nk. Upplýsingar eru ekki veittar í síma. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.



ORF Líftækni - lífeindafræðingur

ORF Líftækni er íslenskt fyrirtæki á sviði hátækni og nýsköpunar og er í fararbroddi í framleiðslu verðmætra próteina í plöntum.

Fyrirtækið leitar nú að öflugum, jákvæðum starfskrafti til að sinna almennum verkefnum á rannsóknastofu í sameindalíffræði og lífeindafræði.

Viðkomandi þarf að vera fljótur að tileinka sér tækni, samviskusamur, nákvæmur, röskur og hafa góða hæfni til hópinnu. Starfið hentar lífeindafræðingi eða aðila með sambærilega menntun/reynslu af rannsóknastofuvinnu.

Starfsumsóknir með ferilskrá sendist fyrir 12. janúar á rafrænu formi til starf@orf.is eða bréfléiðis til ORF Líftækni hf., Keldnaholti, 112 Reykjavík, merktar "Atvinnuumsókn".




ARKITEKTAR, BYGGINGARFRÆÐINGAR OG TÆKNITEIKNARAR

Við viljum ráða arkitekta, byggingarfræðinga og tækniteiknara til starfa sem fyrst. Leitum að öflugum fagmönnum sem hafa gott vald á Auto Cad. Teiknistofan vinnur að fjölbreyttum og metnaðarfullum byggingar- og skipulagsverkefnum. Gott starfsumhverfi, miðsvæðis í borginni.

Frekari upplýsingar veitir Jón Þórisson í síma 5209954. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Senda skal umsóknir ásamt ferilskrá á netfangið: erum@erumark.is fyrir 16. janúar n.k.

Erum Arkitektar, Grensásvegi 3, 108 Reykjavík.
www.erumark.is



Fosshótel ehf. auglýsir eftir fólki með ástríðu fyrir gestrisni til starfa. Eftirtalin störf eru í boði:

Gestamóttaka á Fosshótel Baron (heilsársstarf).
Upplýsingar veitir Axel Karlsson hótelstjóri.
Hæfniskröfur: Sjá sumarstörf.

Vefsíðugerð / Kerfisstjóri
Tímabundin ráðning frá 1. mars 2007 til 1. mars 2008 með möguleika á framlengingu.
Hæfniskröfur:
- Þekking á Dreamweaver, Photoshop og Microsoft kerfum

Sumarstörf á aðalskrifstofu í Reykjavík
- **Bókanafulltrúi** í söludeild frá 15. maí til 31. ágúst
- **Bókanafulltrúi** í söludeild frá 15. maí til 31. ágúst
- **Bókhaldsstarf** frá 1. maí til 30. september

Sumarstörf á Fosshótel Lind, Baron, Suðurgötu (Rvk), Reykholti, Áningu (Sauðárkróki), Laugum (S-Ping), Húsavík, Hallormsstað, Vatnajökli (Höfn), Mosfelli (Hellu) og Nesbúð (Nesjavöllum). Einnig eru í boði Sumarstörf á Flóka Inn (Rvk) og Garði Inn (Rvk)

- **Almenn störf** (herbergisþrif, þjónusta í veitingasal, aðstoð í eldhúsi, þvottahúsi)
Hæfniskröfur:
- Þjónustulund og umhyggjusemi
- Gestrisni og sveigjanleiki
- Áhugi og dugnaður
- Vingjarnleiki
- 18 ára lágmarksaldur

- **Gestamóttaka**
Hæfniskröfur:
- Reynsla af sviðuðum starfi æskileg
- Samskiptahæfileikar á að minnsta kosti 3 tungumálum
- Þjónustulund og gestrisni
- Tölvu-, bókhalds- og skipulagsfærni
- Vingjarnleiki
- 20 ára lágmarksaldur fyrir dagvakt en 22 ára fyrir næturvakt

- **Matreiðsla** á Áningu, Laugum, Húsavík, Hallormsstað og Vatnajökli
Hæfniskröfur:
- Hæfni til að elda bragðgóðan mat
- Skipulags- og samskiptahæfileikar
- Menntun og / eða reynsla sem nýtist í starfi
- Reynsla af innkaupum æskileg
- Vingjarnleiki

- **Hótelstjóri** á Garði, Suðurgötu, Áningu, Hallormsstað og Vatnajökli
Hæfniskröfur:
- Gott vald á íslensku og ensku. Öll frekari tungumálakunnátta er kostur
- Stjórnunar- og skipulagshæfileikar
- Framúrskarandi færni í mannlegum samskiptum
- Rík þjónustulund, sveigjanleiki og geta til að starfa undir álagi
- Útsjónasemi, viðskiptavit og metnaður
- Menntun og / eða starfsreynsla í ferðaþjónustu og veitingarekstri

Fæði og húsnæði í boði á Reykholti, Laugum, Hallormsstað og Vatnajökli. Umsóknareyðublað má nálgast á www.fosshotel.is
Umsóknarfrestur er til 1. febrúar 2007. **Umsækjendur eru sérstaklega beðnir um að tilgreina hvaða starf þeir sækja um og á hvaða starfsstöð.** Nánari upplýsingar veitir Þóður B. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri, í síma 562 4000 eða í gegnum tölvu-póstfangið thordur@fosshotel.is



LEIKSKÓLASVIÐ REYKJAVÍKUR

Laus störf í leikskólum

Nýr leikskóli í Norðlingaholti.
Viltu taka þátt í krefjandi og skemmtilegu verkefni við að byggja upp nýjan leikskóla?
Leikskólinn er fjögurra deilda og stendur við Sandvað 7. Leitað er eftir leikskólakennurum og starfsmönnum með reynslu og áhuga á að starfa með börnum. Ráðningartími er samkomulagsatriði. Upplýsingar veitir Guðrún Sólveig leikskólustjóri í síma 693-9812.

Deildarstjóri

- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350. Tvær stöður eru lausar 1. apríl.
- Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085 og 693-9858.

Sérkennsla

- Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-8360. Um er að ræða 50% stöðu eftir hádegi.

Leikskólakennari/leiðbeinandi

- Álftaborg, Safamýri 32, sími 581-2488 og 693-9833.
- Brákarborg, Brákarundi 1, sími 553-4748.
- Dvergasteinn, Seljavegi 12, sími 551-6312.
- Furuborg, v/Áland, sími 553-1835.
- Hálsakot, Hálsaseli 29, sími 557-8360.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870 og 693-9856.
- Jörfi, v/Hæðargarð, sími 553-0347.

Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.
Kvarnaborg, Árkvörn 4, sími 567-3199.
Laufskálar, Laufríma 9, sími 587-1140 og 693-9818.
Lindarborg, Lindargötu 26, sími 551-5390.
Reynisholt, Gvendargeisla 13, sími 517-5560.
Skógarborg, Efstalandi 28, sími 553-1805. Um er að ræða 100% stöðu og hlutastöðu.
Vinagerði, Langagerði 1, sími 553-8085 og 693-9858. Um er að ræða 50% stöðu. Vinnutími eftir samkomulagi.
Vesturborg, Hagamel 55, sími 552-2438.
Völvuborg, Völvufelli 7, sími 557-3040.
Ægisborg, Ægisíðu 104, sími 551-4810.

Yfirmaður í eldhúsi

- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350. Matráð vantar í afleysingar frá 1. mars '07 til 1. febrúar '08.
- Klettaborg, Dyrhömrum 5, sími 567-5970.

Aðstoð í eldhúsi

- Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350.
- Hulduheimar, Vættaborgum 11, sími 586-1870 og 693-9856. Um er að ræða hlutastarf.

Nánari upplýsingar um þessi störf veita leikskólustjórar í viðkomandi leikskólum. Einnig veitir Starfsmannapjónusta Leikskólasvið upplýsingar í síma 411 7000. Laun eru samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag. Umsóknareyðublað og nánari upplýsingar um laus störf er að finna á www.leikskolar.is

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf
Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



Sérfræðingur
í fyrirtækjaviðskiptum á markaðssviði SPRON

SPRON leitar að kraftmiklum og metnaðarfullum einstaklingi í starf sérfræðings í fyrirtækjaviðskiptum á markaðssviði SPRON sparísjóðs.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun á sviði viðskipta/ markaðsfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla úr fjármálaumhverfi eða við stjórnun fyrirtækja æskileg
- Reynsla og/eða brennandi áhugi á markaðsmálum skilyrði
- Góð íslenskukunnátta nauðsynleg
- Frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð og hæfni í mannlegum samskiptum
- Góð tölvukunnátta

Helstu verkefni:

- Markaðs- og sölumál með áherslu á fyrirtæki
- Innri og ytri markaðssetning á vörum og þjónustu til fyrirtækja
- Vörubrúun
- Innleiðing á nýjungum til fyrirtækja

Nánari upplýsingar veitir Elín Henriksen, forstöðumaður fyrirtækjaviðskipta hjá SPRON sparísjóði, í síma 550 1200.

Umsóknir óskast sendar til starfsmannapjónustu SPRON, starfsmannathjonusta@spron.is, fyrir 22. janúar 2007.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

*Spron byggir samkeppnishæfni sína á ábyrgu og hæfu starfsfólki sem nýtur sjálfstæðis í starfi, ávinnur sér traust viðskiptavina og veitir þeim framúrskarandi lipra og skjóta þjónustu. Í öllu starfi og samskiptum bæði innbyrðis og gagnvart viðskiptavinum er áhersla á **TRAUST, FRUMKVÆÐI og ÁRANGUR.***



– fyrir allt sem þú ert

Yfirvélstjóri

Yfirvélstjóri (1000 hö) óskast á beitningavélaskipið
Kristrúnu RE-177 frá Reykjavík.

Uppl. í sínum 520-7306 og 893-5458.

EINKALEIKSKÓLINN KORPUKOT

Leikskólinn Korpukot í Grafarvogi auglýsir
eftir leikskólakennurum, þroskaþjálfara og
leiðbeinendum sem fyrst til starfa.

Áhugasamir hafi samband við skrifstofu í síma
577-1900 eða sendi tölvupóst á skrifstofa@alla.is.

KORPUKOT FOSSALEYNI 12



ÞJÓNUSTULIÐI - RÆSTING

í Menntaskólanum í Kópavogi

Menntaskólinn í Kópavogi óskar eftir að ráða þjónustuliða
til ræstinga og umsjónar með umgengni í skólanum á
dagvinnutíma.

Laun eru skv. sérstökum samningi Eflingar og
fjármálaráðuneytis.

Nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu skólans í síma
594 4000 hjá skrifstofustjóra eða ræstingastjóra.

Skólameistari



Við erum að leita að starfsfólki

... sem býr yfir framúrskarandi þjónustulund, er
jákvætt, sýnir frumkvæði, tekur ábyrgð á starfi
sínu og leitar bestu lausna fyrir viðskiptavinum !



Leitar eftir starfsmanni í barnagæslu í Laugum.
Vinnutími er frá kl. 12:30 til 16:30 virka daga og
annan hvern laugardag (samkomulagsatriði).

Umsjón með ráðningu: Berglind Hreiðarsdóttir
berglind@worldclass.is

Umsóknir þurfa að berast skriflega til viðkomandi
ráðningaraðila, einnig er hægt að fylla út umsókn á
heimasíðu okkar www.worldclass.is

Í Laugum eru starfrækt fimm fyrirtæki. Fjöldi
gesta í Laugum er um 2000 daglega svo um
lífligan vinnustað er að ræða.

Framtíðartækifæri

Rekstrarstjóri á Akureyri

Starfslýsing:

- umsjón með daglegum rekstri og
þátttaka í stefnumótun fyrirtækisins
- sölu- og rekstrarstjórn
- sala og þjónusta við viðskiptavinum á
sviði rafiðnaðar og heimilistækja
- tilboðsgerð og tækniráðgjöf
- starfsmannahald

Hæfniskröfur:

- reynsla af stjórnunar- og sölustörfum
- leiðtogaþæfileikar
- rík þjónustulund
- markaðshugsun
- frumkvæði
- öguð vinnubrögð
- menntun og reynsla í rafiðnaði æskileg
- viðskiptamenntun kostur en ekki skilyrði

Innkaupa- og birgðastýring í Reykjavík

Starfslýsing:

- umsjónaraðili á veltulager fyrirtækisins með áherslu á:
- innkaup og birgðastýringu
- skipulagningu og umsjón flutninga
- eftirlit með veltuhraða, aldursgreiningu birgða
og gerð birgðaskýrslna
- eftirlit með vöruhúsa- og flutningssamningum innanlands
- samskipti við birgja
- umsjón með birgðaskráningarkerfi

Hæfniskröfur:

- háskólamenntun í tæknifræði
eða viðskiptafræði með áherslu á
vörustjórnun
- góðir samskiptaþæfileikar
- nákvæmni og sjálfstæði í
vinnubrögðum
- góð enskukunnátta og hæfni til
að tjá sig í rituðu máli

Rekstrarstjóri á Selfossi

Johan Rönning óskar eftir að ráða rekstrarstjóra og rafvirkja fyrir nýtt útibú á Selfossi

Starfslýsing:

- umsjón með daglegum rekstri og
þátttaka í stefnumótun fyrirtækisins
- sölu- og rekstrarstjórn
- sala og þjónusta við viðskiptavinum á
sviði rafiðnaðar
- tilboðsgerð og tækniráðgjöf
- starfsmannahald

Hæfniskröfur:

- reynsla af stjórnunar- og sölustörfum
- leiðtogaþæfileikar
- rík þjónustulund
- markaðshugsun
- frumkvæði
- öguð vinnubrögð
- menntun og reynsla í rafiðnaði æskileg
- viðskiptamenntun kostur en ekki skilyrði

Öflugur rafvirki á Selfossi

Starfslýsing:

- sala og þjónusta á rafbúnaði
- tilboðsgerð og tækniráðgjöf

Hæfniskröfur:

- reynsla af störfum í rafiðnaði

Umsóknir skulu sendar til Johans Rönning Sundaborg 15, 104 Reykjavík eða á netfangið haraldur@ronning.is fyrir 16. janúar.
Allar nánari upplýsingar um stöfin eru veittar í síma 5200 800 eða haraldur@ronning.is.

Johan Rönning hf. er leiðandi þjónustufyrirtæki á sviði rafbúnaðar og rekur
jafnframt heimilistækjaverslanir. Starfsmenn eru 65 talsins, allir
sérmenntaðir á sínu sviði. Félagið rekur starfsstöðvar í Reykjavík,
Fjarðarbyggð, Reykjanesbæ og á Akureyri og fyrirhugar opnun á nýju
útibú á Selfossi. Fyrirtækið er framsækið og í örur vexti.
Johan Rönning hf. er þekktur sem góður og eftirsóttur vinnustaður.



REYKJAVÍK
Sundaborg 15
Sími 520 0800

AKUREYRI
Óseyri 2
Sími 460 0800

REYÐARFJÖRÐUR
Nesbraut 9
Sími 470 2020

REYKJANESBÆR
Hafnargötu 52
Sími 420 7200

Grunnskóli Seltjarnarness Mýrarhúsaskóli – Valhúsaskóli

Skólaliðar

Skólaliða vantar til starfa sem fyrst. Um
er að ræða fjölbreytt og lífligt starf með
ungu fólki.
Nánari upplýsingar veitir Sigfús Grétarsson
skólastjóri, sími: 5959-250, netfang:
sigfus@seltjarnarnes.is

Dönskukennari

Vegna forfalla vantar dönskukennara frá
1. mars nk.
Nánari upplýsingar veitir Sigfús Grétarsson
skólastjóri, sími: 5959-250, netfang:
sigfus@seltjarnarnes.is

Stuðningsfulltrúi

Auglýst er eftir stuðningsfulltrúa til að starfa
með stúlku í unglingsátt.
Nánari upplýsingar veitir Edda Óskars-
dóttir, deildarstjóri sérkennslu, sími: 5959-
250, netfang: eddao@seltjarnarnes.is

Stuðningsfulltrúi í Skólaskjól

Stuðningsfulltrúa vantar í lengda viðveru
í Mýrarhúsaskóla. Um er að ræða skemmti-
legt og gefandi starf með börnum með
sérparfir. Vinnutíminn er frá kl. 13:30 -
17:15 eða eftir samkomulagi, hlutastörf
eru einnig í boði.
Nánari upplýsingar veitir Rut Bjarnadóttir,
forstöðumaður Skólaskjól, sími: 5959-
200 eða farsími: 822-9123; netfang:
rutbj@seltjarnarnes.is

Á Seltjarnarnesi eru um 680 nemendur í heildstæðum
grunnskóla. Skólinn er rekinn í tveimur starfstöðvum;
Mýrarhúsaskóla fyrir nemendur í 1.-6. bekk og Val-
húsaskóla; fyrir nemendur í 7.-10. bekk. Skólinn er
vel tækjum búinn og starfsaðstaða er góð. Skólafyrirvöld
á Seltjarnarnesi leggja mikinn metnað í að reka góð-
an skóla þar sem áhersla er lögð á líðan nemenda.
Seltjarnarnesbær hefur nýverið unnið metnaðarfulla
skólafestu fyrir alla skóla bæjarins.

Umsóknir berist til Sigfúsar Grétarssonar
skólastjóra, netfang: sigfus@seltjarnarnes.is
Sjá einnig: www.grunnskoli.is

SELTJARNARNESBÆR
Skólaskrifstofa





GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Starf við heimþjónustu í Garðabæ

Óskum eftir traustu starfsfólki til að starfa við heimþjónustu.

Um er að ræða aðstoð við fólk í heimahúsum. Starfið felur m.a. í sér aðstoð við heimilishald, svo sem almenn þrif, persónulega umönnun og félagslegan stuðning.

Vinnutími getur verið sveigjanlegur og starfshlutfall samkomulag.

Um er að ræða gefandi starf fyrir fólk á öllum aldri.

Launakjör samkvæmt kjarasamningi Starfsmannafélags Garðabæjar við launanevnd sveitarfélaga.

Allar nánari upplýsingar um starfið veitir Eyrún Jónatansdóttir, félagsráðgjafi á fjölskyldu- og heilbrigðisviði Garðabæjar í síma 525-8500 og 820 8563. Netfang: eyjo@gardabaer.is

Fjölskyldu- og heilbrigðisvið



GARÐABÆR

www.gardabaer.is

Íþróttamiðstöðin Ásgarður auglýsir eftir konu til starfa

Um er að ræða hefðbundið starf fyrir konu í íþróttamiðstöð þar sem unnið er með íþróttafólki, almenningi og skólakrökkum.

Starf í líflegu og öruggu umhverfi.

Áhugasamir hafi samband við Gunnar Öm Erlingsson, íþróttafulltrúa Garðabæjar í netfang: gunnarer@gardabaer.is eða síma 565 8044 og 820 8549.

Fræðslu- og menningarvið

Útkeyrsla-lagerstörf

Subway leitar að starfsmanni til að hafa umsjón með pöntunum og útkeyrslu á vörum.

Um er að ræða 100% starf.

Umsækjendur verða að hafa meirapróf, hafa mikla þjónustulund og hafa gaman að vinna með fólki.



SUBWAY

Nánari upplýsingar veitir Sigfús í síma 696 7002. Umsókn er hægt að skila inn á netinu www.subway.is, sigfus@subway.is eða á skrifstofu Subway Suðurlandsbraut 46, 108 Reykjavík.



Akraneskaupstaður

Auglýst er eftir deildarstjóra æskulýðs- og forvarnamála.

Um er að ræða fullt starf.

Deildarstjóri æskulýðs- og forvarnamála skipuleggur og hefur umsjón með starfi félagsmiðstöðvanna Arnalds og Hvíta hússins á hverjum tíma í samráði við verkefnastjóra æskulýðs- og forvarnamála, unglingaráð og aðra hagsmunaaðila. Viðkomandi þarf að geta starfað sjálfstætt, hafa frumkvæði og góða samskiptahæfni.

Gerð er krafa um háskólamenntun sem tengist uppeldis-, tómtunda- eða félagsfræði. Starfslýsing fyrirleggjandi. Ráðið verður í starfið frá 1. febrúar n.k. eða eftir samkomulagi. Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2007.

Umsóknnum sem greina frá starfsreynslu og menntun skal skila á bæjarskrifstofu, Stillholti 16 - 18, 300 Akranesi. Nánari upplýsingar veitir verkefnisstjóri æskulýðs- og forvarnamála í síma 867 1075, netfang: heidrun@akranes.is



Bílstjórar

Útkeyrsludeild óskar eftir starfsfólki til framtíðarstarfa í útkeyrslu á höfuðborgarsvæðinu, á minni sendibílum.

Unnið er á tvískiptum vöktum sem skiptast vikulega, aðra vikuna frá kl. 07.30-16.55 og hina vikuna frá kl. 16.30-22.15.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst.

Hæfniskröfur:

- Bílpróf í gildi í minnst 2 ár (fullnaðarskrteini)
- Hreint sakavottorð
- Stundvísí, snyrtimennska og góð þjónustulund

Umsóknnum skal skilað til:

Íslandspóstur hf.

Póstmiðstöð

Stórhöfða 32

110 Reykjavík

Merkt: Bílstjórar

Einnig er hægt að sækja um á heimasíðu Íslandspósts: www.postur.is



PÓSTURINN

allur pakkinn

SPENNANDI STÖRF

hjá öflugum fyrirtæki



Nýherji leitar eftir kraftmiklum og heilsteypum einstaklingum til starfa, en fyrirtækið byggir á langri hefð í sérfræðipjónustu við öflugustu fyrirtæki landsins. Við kappkostum að skapa frjótt umhverfi fyrir starfsfólk okkar og sækjumst eftir hæfileikaríkum og vel menntuðum einstaklingum.

Sérfræðingur Microsoft-lausna

Áhersla er lögð á uppsetningu og þjónustu við Microsoft-lausnir og samþæfingu (integration) þeirra við ólík kerfi, s.s. IP-símalausnir. Unnið verður með lausnir Microsoft á sviði Unified Communication.

Um er að ræða starf við Microsoft-miðjuhugbúnað, s.s. Sharepoint, SQL Server, BizTalk og LCS auk samþættingarvinnu við CRM.

Starfið krefst tæknilegrar þekkingar á ofantöldum kerfum auk þess sem viðkomandi þarf að hafa haldgóða reynslu af þjónustu. Einnig reynir mikið á útsjónarsemi og getu til að finna lausnir á flóknum vandamálum. Æskilegt er að umsækjandi hafi MCSE-gráðu. Háskólamenntun er kostur.

Tækniáður Microsoft

Um er að ræða starf við uppsetningu, viðhald og almenna þjónustu við Microsoft-stýrikerfi.

Æskilegt er að umsækjandi hafi MCSA- eða MCSE-gráðu. Ef ekki er um það að ræða, er gert ráð fyrir að hann öðlist slíkar gráður á fyrstu mánuðum í starfi.

Gerðar eru kröfur um haldgóða reynslu af sambærilegum störfum við rekstur og þjónustu Microsoft-kerfa. Þægilegt viðmót, þjónustulund og samvirkusemi skiptir miklu í þessu starfi.

Tæknimenn á verkstæði

Óskum eftir að ráða tvo tæknimenn á verkstæði Notendalausna Nýherja við uppsetningu, þjónustu og viðgerðir á tölvubúnaði annars vegar og ljósritunarvélum, hins vegar.

Gerð er krafa um menntun á sviði rafeindavirkunar eða sambærilega menntun, sem og viðtæka reynslu af uppsetningu og viðgerðum á tæknibúnaði. Grunnþekking á netkerfum er einnig mikill kostur.

Áhersla er lögð á frumkvæði, sjálfstæð vinnubrögð, vandvirkni og þjónustulund.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar n.k.

Áhugasamir eru vinsamlegast beðnir um að sækja um gegnum heimasíðu Nýherja, www.nyherji.is.

Nánari upplýsingar veitir Erna Agnarsdóttir í starfsmannþjónustu Nýherja, erna.agnarsdottir@nyherji.is.



NÝHERJI

Nýherji hf. · Borgartúni 37 · 105 Reykjavík · Sími 569 7700 · www.nyherji.is



Helga Þóroldsdóttir hefur farið á vegum Rauða krossins á áttaskvæði víða um heim.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mjög gefandi starf

Helga Þóroldsdóttir er yfirmaður alþjóðastarfs Rauða krossins á Íslandi og er menntaður friðarfræðingur. Hún segir að menntunin nýtist henni vel í starfinu.

Helga hefur unnið hjá Rauða krossinum til fjölda ára. „Frá 1993 til 2000 var ég til dæmis við störf á áttaskvæðum,“ segir hún en meðal þeirra landa sem hún dvaldi í á þeim tíma voru Sómalía, Líbería, Georgía, Bosnía, Tattsekistan og Úganda.

Eftir að Helga kom heim vann hún í eitt ár hjá Reykjavíkurborg og kom þar að stefnumótun í málafnum útlendinga og undirbúningi Alþjóðahúss. Að því loknu tók hún síðan við núverandi starfi sínu á landsskrifstofu Rauða krossins. „Rauði krossinn sinnir bæði neyðarástoð og langtíma þróunarástoð. Við erum í tvíhliða samstarfi við ákveðin systurlandsfélög okkar eins og í Malaví og Mosambík, tökum þátt í langtímasamstarfi og þróunarsamvinnu alþjóða rauðkrossins og sendum út bæði fjármagn og sendifulltrúa þegar að kemur upp skyndileg neyð. Mitt starf felst í því að bera ábyrgð á þessu starfi Rauða krossins og mér finnst það mjög gefandi.“

Árið 2003 fékk Helga tveggja ára leyfi frá störfum þegar hún fékk styrk frá Rotaryhreyfingunni til að fara í mastersnámi í friðarfræði við friðardeild Bradfordháskóla í Englandi. „Friðarfræði er þverfaglegt nám og þeir sem voru með

mér í deildinni voru með mjög ólíkan bakgrunn. Í náminu voru til dæmis yfirmaður sérsveitar lögreglu á Indlandi, þingmaður frá Sómalíu og fjöldi fólks sem vann á vegum sinna ríkisstjórna við erlend samskipti.“

Áður hafði Helga lært félagsráðgjöf og var með framhaldsmenntun í fjölskyldumeðferð og hún segir að allt sem hún hefur lært nýtist henni vel í starfinu sem hún gegnir núna. „Í friðarfræðináminu skoðaði ég svoltið hvernig fyrirframgefnar hugmyndir sem eru oft ógrundaðar, bæði um stríð og hjálp til fórnarlamba átaka, hafa áhrif á hegðan okkar, bæði okkar sem erum og sjáum okkur í hlutverki þess sem hjálpa og þeirra sem eru settir í þetta hlutverk að vera hjálparþurfi og taka við. Félagsráðgjöfin nýtist mér líka mjög vel í starfinu en það gengur náttúrulega mikið út á mannleg samskipti, að tala við heimamenn og átta sig á hverjar aðstæður eru, meta þær og reyna að finna út í samvinnu við heimamenn hvernig sú aðstoð sem er fánleg nýtist best. Í félagsráðgjöf erum við ekki að sjúkdómsgreina fólk heldur leitum eftir styrkleikum þess og úrræðum og skoðum hvernig við getum styrkt úrræði fólks. Í fjölskylduráðgjöfinni fór ég svo meðal annars á námsskeið í sáttameðferð og það eru svo sem alveg sömu reglurnar sem gilda þegar er verið að reyna að leita sátta innan fjölskyldu og þegar er verið að reyna að leita sátta milli hópa eða þjóða,“ segir hún og hlær.

emilia@frettabladid.is

Breytingar um áramót

Hjá launþegum sem falla undir kjarasamninga Verslunarmannafélags Reykjavíkur urðu ýmsar breytingar um áramót.

Laun hækkðu samkvæmt kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins um 2.9 prósent frá og með 1. janúar og eru lægstu laun fyrir fulla vinnu nú 125 þúsund krónur á mánuði. Einnig lækkaði staðgreiðsluhlutfall skatta um eitt prósent, úr 36,7 í 35.7 og persónuafslátturinn hækkadi úr rúmum 29 þúsund krónum á mánuði í 32.150 krónur. Friðtejumark barna er 100.745 krónur á árinu 2007.



Heldur meira ætti að koma í hlut launþegans eftir áramót en fyrir.

Þá hafa verið gerðar breytingar á lögum um starfsemi lífeyrissjóða þannig að frá síðustu áramótum er lágmarksiðgjald til lífeyrissjóðs 12% af iðgjaldsstofni. Iðgjald launagreiðanda hækkar úr 7 prósentum í átta en iðgjald launþega verður fjögur prósent eins og áður.



Styrktarfélag vangefinna

Skemmtilegt og krefjandi starf með börnum og unglingum

Dagheimilið Lyngás

Óskar eftir starfsfólki til starfa. Um er að ræða hlutastörf eftir hádegi sem henta t.d. vel með námi. Æskilegt er að umsækjendur geti hafið störf í byrjun janúar 2007.

Lyngás er sérhæft dagheimili, staðsett í Safamýri 5 og er opið frá 8.00-16.30 á virkum dögum. Þangað sækja börn og unglingar á aldrinum 1-18 ára þjónustu.

Upplýsingar veita Birna Björnsdóttir og Hrefna Þórarinsdóttir í síma 553-8228 og

553-3890. Hægt er að nálgast upplýsingar um Styrktarfélagið á heimasíðu þess www.styrktarfelag.is.

Laun eru samkvæmt gildandi kjarasamningum.



KOKKARNIR
VEISLUÞJÓNUSTA
JÓNS ARNARS & RÚNARS

Furðufiskar ehf sem reka meðal annars Kokkana veisluþjónustu, fiskborðin í Hagkaupum og Osta og sælkeraborðið í Hagkaupum kringlunni leitar eftir yfirmannskju í fiskvinnslu.

Starfssvið:

- Innkaup á fiskmarkaði og pantanir á öllu hráefni
- Vinna í fiskvinnslu
- Skipulagning á útkeyrslu
- Starfsmannahald
- Skipulagning á innviktun hráefnis

Hæfniskröfur:

- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Þjónustulípurð
- Reynsla af svipuðu starfi kostur

Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af fiskvinnslu.

Áhugasamir sendið tölvupóst á kokkarnir@kokkarnir.is eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17. eða 699-4000

Furðufiskar ehf • Fiskislóð 81a • 101 Reykjavík



REYKJALUNDUR
endurhæfing

Staða forstjóra Reykjalundar

Stjórn Reykjalundar auglýsir starf forstjóra stofnunarinnar laust til umsóknar. Ráðið verður í stöðuna til 5 ára og þyrfti forstjóri að geta hafið störf sem fyrst. Umsóknarfrestur er til og með 31. janúar 2007.

Reykjalundur er framsækin endurhæfingarstofnun í eigu SÍBS og starfar samkvæmt þjónustusamningi við Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið á 9 meðferðarsviðum og á þverfaglegri göngudeild. Starfsmenn eru um 230 úr nánast öllum starfstéttum sem að endurhæfingu koma. Áhersla er lögð á þverfaglega endurhæfingu og öflugna rannsókn- og vísindastarfssemi ásamt kennslu fagstétta.

Forstjóri hefur, ásamt lækningaforstjóra, yfirmunsmenningu með daglegum rekstri og starfsmannahaldi. Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlana og styður við stefnumarkandi lykilþætti í starfsemi stofnunarinnar í samræmi við gildi Reykjalundar sem eru: frumkvæði - virðing - árangur.

Hæfniskröfur eru að umsækjendur séu með háskólapróf og/eða menntun og stjórnunar- og starfsreynslu, einkum á heilbrigðissviði.

Skriflegar umsóknir ásamt helstu persónuupplýsingum, prófgögnum og starfsferilsskrá sendist Birni Ástmundssyni forstjóra, Reykjalundi, 270 Mosfellsbæ.

Upplýsingar um starfsemi Reykjalundar er að finna á heimasíðunni www.reykjalundur.is



TOLLSTJÓRNIN Í REYKJAVÍK

Forstöðumaður starfsmannasviðs

Tollstjórnin í Reykjavík auglýsir laust til umsóknar starf forstöðumanns starfsmannasviðs. Forstöðumaður starfsmannasviðs hefur umsjón með öllum starfsmannamálum embættisins, þ.m.t. ráðningar, fræðsla, rekstur tollskólans og starfsþróun. Hlutverk sviðsins er að fara með, samræma og styðja aðra stjórnendur við meðferð starfsmannamála embættisins ásamt því að leggja mat á árangur í starfsmannastjórnun.

Hæfniskröfur:

- Háskólapróf gjarnan með framhaldsmenntun á sviði mannauðsstjórnunar
- Hæfni í mannlegum samskiptum og hæfni til að starfa sjálfstætt sem og í hóp
- Nákvæmni og vandvirkni í vinnubrögðum
- Góðir stjórnunarhæfileikar
- Nauðsynlegt er að umsækjendur hafi reynslu af starfsmanna-, fræðslu- og gæðamálum
- Þekking á stefnumiðuðu árangursmati (Balanced Scorecard) er æskileg

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningum opinberra starfsmanna. Um starfskjör, réttindi og skyldur gilda að öðru leyti lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996. Boðið er upp á gott starfsumhverfi og rík áhersla er lögð á góðan aðbúnað og að hollustuhættir séu í góðu horfi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Snorri Olsen, tollstjóri í síma 5600-300 og/eða á netfangi starf@tollur.is

Umsóknarfrestur er til 22. janúar n.k. Umsóknir merktar „forstöðumaður starfsmannasviðs“ ásamt upplýsingum um menntun, fyrri störf, meðmælendur og annað sem umsækjandi vill taka fram skal skila til starfsmannasviðs embættisins Skúlagötu 17, 101 Reykjavík eða í gegnum tölvupóst: starf@tollur.is

Tollstjórnin í Reykjavík fer fram á það við þann umsækjanda sem boðið verður starfið að hann/hún skili inn sakavottorði.

Umsóknir geta gilt í sex mánuði. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir.

Tollstjóraembættið fer með tollstjórn í Reykjavík. Hlutverk þess er að stuðla að því að löggjöf um inn- og útflutning og skil á sköttum sé fylgt og eiga þannig þátt í efnahags- og félagslegri velferð íslensks samfélags. Framtíðarsýnin er að vera framsækin ríkisstofnun, sem er þekkt fyrir að veita góða og skilvirka þjónustu, að vera eftirsóttur vinnustaður og viðurkennd fyrir að standa vörð um hagsmuni almennings og atvinnulífs. Til að ná þessari sýn er embættið með framsýna, kraftmikla og fjölskylduvæna starfsmannastefnu. Lögð er áhersla á símenntun starfsmanna, heilsuefingu og góðan aðbúnað.

www.tollur.is



Reykjavíkurborg

Þjónustu- og rekstrarsvið

Sérkennsluráðgjafi

Laus er til umsóknar tímabundið 80% staða sérkennsluráðgjafa til hálfis árs á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Helstu verkefni:

Ráðgjöf varðandi sérkennslu eða sértæka aðstoð í leikskóla. Aðstoð við gerð og útfærslu einstaklingsnámskrár. Þverfaglegt starf á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis.

Hæfniskröfur:

Menntun á sviði sérkennslu eða þroskabjálfunar. Þekking á þroska og þroskafrávikum barna. Þekking og reynsla af vinnu með börn með þroskafrávik. Skipulagshæfileikar.

Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis býður upp á: Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki. Sveigjanlegan vinnutíma.

Viðkomandi þarf að geta hafið störf sem fyrst

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og viðkomandi stéttarfélags. Nánari upplýsingar veitir Helgi Hjartarson, deildarstjóri á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis í síma 411 1500, netfang: helgi.hjartarson@reykjavik.is. Umsóknnum skal skilað á Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis, Síðumúla 39 fyrir 16. janúar nk.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum hjá borginni. Atvinnuauðingur má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar: www.reykjavik.is/storf Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11, færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

ERTU AÐ LEITA?



Ráðningarþjónustan er framsækið fyrirtæki, á traustum grunni, sem sérhæfir sig í persónulegri þjónustu á sviði ráðninga, jafnt til fyrirtækja sem og umsækjenda.

Hjá Ráðningarþjónustunni starfa ráðgjafar með sterkan faglegan bakgrunn á sviði mannauðsfræða sem og víðtæka reynslu af íslenskum vinnumarkaði.

Atvinnurekendur

Kynnið ykkur þjónustu okkar á heimasíðunni www.radning.is og hafið samband þegar við getum orðið ykkur að liði.

Umsækjendur

Kynnið ykkur úrval áhugaverðra starfa í boði og fyllið út umsókn á heimasíðu okkar www.radning.is



RÁÐNINGAR
ÞJÓNUSTAN

Krókháls 5a • 110 Reykjavík • Sími: 588 7700 • Fax: 588 8700 • www.radning.is • radning@radning.is

Marel hf.
Austurhrauni 9
210 Garðabæ
Sími 563 8000
www.marel.is

Ferðafulltrúi og launafulltrúi

Marel óskar að ráða í tvær stöður:

► Ferðafulltrúi

Meðan Liverpool hefur í hyggju að fá Mascherano lánaðan og fá forkaupsrétt á honum vill Juventus gera leikmanninn að sínum sem fyrst. Óvíst er þó hvort hann fái að hafa félagaskipti í janúar því samkvæmt reglum FIFA má hann ekki spila með fleiri en tveimur liðum á einu tímabili. 2006-07 hefur hann bæði leikið með Corinthians í Brasilíu og West Ham.

- egm

Dallas Mavericks lagði San Antonio Spurs í stóra „Texas-slagnum“:

Nowitzki leiddi Mavericks til sigurs gegn San Antonio

KÖRFUBOLTI Það er ekkert lát á góðu gengi Dallas Mavericks í NBA-deildinni en liðið vann sinn þrettánda leik í röð þegar það sótti San Antonio Spurs heim. Dirk Nowitzki skoraði 36 stig í fimm stiga sigri Dallas, 90-85. Þetta var þriðji tapleikur Spurs í röð og þar að auki þriðji sigur Dallas í röð í San Antonio og ekki laust við að Dallas sé að ná taki á nágrönnum sínum.

„Við spiluum ekki vel framan af. Spurs fékk að gera allt sem það vildi og þeir voru á undan í alla lausa bolta og tóku allt of mörg sóknarfráköst,“ sagði Nowitzki en stigin 36 hjá honum voru hans besta frammistaða á þessari leiktíð. „Það var miklu betri vinna hjá okkur í síðari hálfleik og þá sýndum við okkar rétta andlit.“

Josh Howard var næststiga-hæstur hjá Dallas með 18 stig og 12 fráköst. Manu Ginobili var bestur hjá Spurs og skoraði 25 stig. Tim Duncan var með 18 stig og Tony Parker 15.

„Við þurftum sárlega á sigri að halda í þessum leik en það reynd-



DIRK NOWITZKI Fór mikinn gegn Spurs og skoraði 36 stig í fimm stiga sigri Dallas-liðsins sem virðist vera komið með tak á Spurs.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

ist okkur erfitt að sigra því Dallas var einfaldlega betra liðið að þessu sinni,“ sagði Ginobili. „Við verðum að vakna og átta okkur á því að við þurfum að bæta okkar leik stórlega.“

Gregg Popovich, þjálfari Spurs,

var jákvæðari en Manu Ginobili og hrósaði sínum mönnum í hástert fyrir framlagið í leiknum. Sagði þá hafa gert sitt besta og meira væri ekki hægt að fara fram á af sínu liði.

- hbg



BILL COWHER Hættir sáttur hjá Steelers. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Bill Cowher:


Hættur með Steelers

NFL Bill Cowher var með þekktasta kjálkann í NFL-deildinni. Hann leit út fyrir að vera úr graníti og það sagði heilmikið um hans stjórnunarstíl sem var harður og grimmur og fáir geisluðu af eins miklum sigurvilja.

Einu ári eftir að hafa loksins unnið Super Bowl með Pittsburgh Steelers hefur Cowher sagt starfi sínu lausu en lítið gekk í titilvörninni og liðið komst ekki í úrslita-keppnina. Cowher var búinn að stýra liðinu í 15 ár.

Svo virtist sem sigur í Super Bowl hefði náð að róa keppnis-skapið í Cowher því hann var talinn hafa brosað meira á þessari leiktíð en mörg önnur ár og það þrátt fyrir að liðið tapaði mörgum leikjum. Ekki er vitað hvað hann gerir í kjölfarið.

- hbg



THIERRY HENRY Kominn á fulla ferð eftir nokkra veru utan vallar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Thierry Henry tjáir sig um meiðslavandræði sín:

Verð að læra að hlusta á líkamann

FÓTBOLTI Franski framherjinn Thierry Henry vonast til þess að hafa lært af meiðslavandræðum sínum á þessu ári sem hann segir að megi að stórum hluta rekja til þess að hann hafi ekki hlustað á líkama sinn.

„Þegar líkaminn segir að maður geti ekki gert eitthvað þá er viturlagt að hlusta á hann. Það hjálpar hvorki þér né liðinu að hunsað það sem líkaminn segir. Þetta er eins og að horfa á slæma kvmynd með konunni og við erum bæði að sofna. Þá segist maður ekki vera að sofna og neitar að játa að myndin sé rusl. Þess í stað þínir maður sig til þess að horfa á myndina til enda,“ sagði Henry sem átti fínan leik gegn Charlton á dögnum.

„Heilinn á mér var svona. Ef

fólk spurði mig hvort ég væri í lagi sagði ég já þótt ég vissi betur. Maður verður að hlusta á líkamann. Það hefur verið vandamál hjá mér en vonandi gengur mér betur að hlusta á líkamann í framtíðinni. Vonandi eru meiðslin að baki en þegar maður spilar yfir 60 leiki á ári þá fær líkaminn að finna fyrir því.“

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, er bjartsýnn á bjartari tíð með blóm í haga þar sem Henry er orðinn heill á ný.

„Þetta var meira andlegt vandamál en líkamlegt. Thierry var bara orðinn bensínlaus og þurfti á hvíld að halda. Ég sá það á honum og hann kemur sterkur til baka,“ sagði Wenger.

- hbg

Samkeppni um frágang

á niðurrennslisæð Hellisheiðarvirkjunar

Orkuveita Reykjavíkur efnir til samkeppni um frágang á niðurrennslisæð Hellisheiðarvirkjunar.

Trúnaðarmaður dómnefndar tekur á mótí tillögum þriðjudaginn 13. febrúar 2007 milli kl. 12.00 og 16.00 í afgreiðslu Orkuveitunnar.

Nánari upplýsingar gefur trúnaðarmaður dómnefndar Þorvaldur Stefán Jónsson, thorvaldur.jonsson@or.is.

Úr greinargerð stjórnar stjórnar Orkuveitu Reykjavíkur: Orkuveitan vill vera í forystu í umhverfismálum og frágangi á mannvirkjum. Niðurrennslislögnin er í þjóðbraut og blasir við þegar ekið er eftir þjóðveginum. Sjálfsgert er fyrir Orkuveituna að reyna að lágmarka umhverfisáhrif lagningarinnar og leita eftir nýjum hugmyndum að frágangi lagna á yfirborði. Ein leið er að reyna að virkja almenning og fagmenn til að koma með hugmyndir um hvernig betur mætti standa að hönnun og útfærslu lagningarinnar.

Samkeppnin er almenn hugmyndasamkeppni og er opin almenningi og fagmönnum.

Veitt verða þrenn verðlaun:

1. sæti	750.000,- kr.
2. sæti	500.000,- kr.
3. sæti	250.000,- kr.

Þegar úrslit liggja fyrir verða tillögurnar almenningi til sýnis.

Samkeppnislýsing er afhent í afgreiðslu Orkuveitunnar að Bæjarhálsi 1 110 Reykjavík. Einnig er hægt að nálgast hana á heimasíðu Orkuveitunnar, www.or.is.



Orkuveita Reykjavíkur

www.or.is

Leikmannamál Manchester United:

Bayern München verðleggur Hargreaves hátt

FÓTBOLTI Þýska félagið Bayern München mun íhuga að selja Owen Hargreaves til Manchester United en ekki fyrir minna en tuttugu milljónir punda eða 2,7 milljarða íslenskra króna. „Ef við fengjum þá upphæð gætum við látið til skarar skríða á leikmannamarkaðnum,“ sagði Franz Beckenbauer, forseti Bayern, við

þýska dagblaðið Bild.

Hargreaves vill ólmur komast til toppliðs ensku deildarinnar en hann hefur ekkert spilað síðan hann meiddist í september. Hann er með liðsfélögum sínum í æfingaferð í Dubai og hafði vonast til að vera farinn að geta æft af krafti en getur aðeins tekið þátt í æfingum að hluta.

- egm



CHARLTON Alan Pardew á erfitt verkefni fyrir höndum með Charlton.

NORDIC PHOTOS/GETTY

Enska bikarkeppnin:

Nokkur óvænt úrslit í gær

FÓTBOLTI Þrjú úrvalsdeildarlið féllu út úr ensku bikarkeppninni í gær, Sheffield United, Wigan og Charlton. Síðastnefnda liðið hefur fallið úr báðum bikarkeppnum eftir að hafa tapað fyrir liðum í neðri deildum en þá er það í mjög erfiðri stöðu í deildinni.

Í gær tapaði Charlton 2-0 fyrir Nottingham Forest sem leikur í þriðju efnu deild ensku knattspyrnunnar en hvorki Hermann Hreiðarsson né Rúrik Gíslason voru í leikmannahópi Charlton. Swansea er í sömu deild og Nottingham Forest en liðið rúllaði óvænt yfir Sheffield United 3-0. Þá tapaði Wigan fyrir Portsmouth 1-0 en bæði lið eru í úrvalsdeildinni.

Þá gerði Middlesbrough aðeins 1-1 jafntefli gegn Hull sem er í botnbaráttu 1. deildarinnar. „Það segir sig sjálfst að við erum ekki sáttir við þessi úrslit, það var klárlega vanmat á ferðinni. Við getum þó huggað okkur við það að við fáum annað tækifæri öfugt við önnur úrvalsdeildarlið sem féllu út,“ sagði Mark Viduka sem kom Middlesbrough yfir í gær.

- egm

Lyfjæftirlit ÍSÍ á árinu 2006:

Aldrei fleiri lyfjapróf tekin

LYFJAMÁL Íþrótt- og Ólympíu-sambandið stóð fyrir öflugum lyfjæftirliti á nýliðnu ári en alls voru tekin 146 lyfjapróf sem er það mesta sem hefur verið gert á einu ári hingað til.

Á heimasíðu ÍSÍ er lyfjaprófaárið gert upp. Skiptingin var þannig að af þessum 146 prófum voru 85 (59%) tekin í keppni og 59 (41%) utan keppni. Af þeim prófum sem tekin voru í keppni voru 51 sýnanna (60%) frá karlmönnum og 34 (40%) frá konum. Hins vegar voru 40 (67%) sýni frá karlmönnum og 19 (32%) sýni frá kvenmönnum tekin utan keppni.

Á síðunni kemur fram að lyfjæftirlit og fræðsla verði enn aukin árið 2007. Ekki hafa ennborist niðurstöður allra sýna sem tekin voru á árinu en búið er að dæma vegna eins brots á lyfjareglum árið 2006.

- óbj



PEYTON MANNING Mætti Kansas með Indianapolis í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

NFL-deildin:

Úrslitakeppnin hafin

NFL Úrslitakeppni NFL-deildarinnar hófst í gærkvöldi með tveimur leikjum. Þá heimsótti Kansas hið magnaða sóknarlið Indianapolis og sveiflukennt lið Dallas reyndi að koma á óvart á hinum gríðarlega sterka heimavelli Seattle.

Í dag fara síðan fram tveir leikir. New York Jets heimsótti New England Patriots, sem margir spá góðu gengi, og í kvöldleiknum tekur Philadelphia á móti New York Giants. Sá leikur er sýndur á Sýn og hefst útsending rétt fyrir 22.

- hbg

Michael Carrick ánægður með lífið hjá Man. Utd:

Þarf að bæta leik minn og legg hart að mér


FÓTBOLTI Miðjumaðurinn Michael Carrick hefur verið undir smásjá í allan vetur í kjölfar þess að Manchester United greiddi Tottenham rúmar 18 milljónir punda fyrir leikmanninn. Stuðningsmenn United eru mishrífir af Carrick sem hefur fengið að spila mikið með United í vetur og staðið sig þökkalega að flestra mati.

„Ég hef mikið fengið að spila og er mjög ánægður með það. Þetta hefur bara gengið vel. Við erum á góðum stað á tölfunni eftir jóla-vertíðina og það heldur mönnum

jákvæðum. Hvað varðar mig sjálfan þá get ég betur og þarf að bæta minn leik. Ég legg hart að mér við það,“ sagði Carrick sem er ánægður með þá samkeppni sem er um stöður hjá félaginu.

„Þótt það sé barist um sæti þá kemur mönnum vel saman. Stjórninn á það til að hrista upp í hlutunum og það er bara fínt. Það heldur mönnum á tánum sem er nauðsynlegt. Meira að segja á æfingum verða menn að vera á tánum ef þeir ætla að halda sæti sínu.“

- hbg



MICHAEL CARRICK Hefur þótt vera vaxandi á miðjunni hjá Man. Utd í vetur.

FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

Sætur sigur hjá Arsenal

Arsenal gerði sér lítið fyrir og skellti Liverpool á Anfield í gær, 1-3. Rosicky skorði tvö mörk en Henry gerði út um leikinn með frábæru marki í lokin.

FÓTBOLTI Það var sannkallaður stórleikur í ensku bikarnum í gær þegar Liverpool tók á móti Arsenal. Gestirnir sýndu heimamönnum enga virðingu og unnu mjög ljúfan sigur, 1-3.


Það blés ekki byrlega fyrir heimamönnum í leikhléi því Tékkinn Thomas Rosicky skorði tvö glæsileg mörk undir lok fyrri hálfleiks og gestirnir leiddu með tveim mörkum í leikhléi, 0-2. Heimamenn rifu sig upp af afturendanum í síðari hálfleik enda allt að vinna og engu að tapa eins og staðan var orðin.

Pressa þeirra að marki Arsenal jókst stöðugt og markið lá í loftinu. Stíflan brast þegar tuttugu mínútur lifðu leiks. Þá skallaði Peter Crouch að marki eftir hornspyrnu, Dirk Kuyt framlengdi skallanum fram hjá Almunia í marki Arsenal.

Lokamínútur leiksins voru spennubrunnar en það var fransk snillingurinn Thierry Henry sem tryggði Arsenal sigurinn sjö mínútum fyrir leiklok með marki sem var stórkostlegt einstaklingsframtak. Jamie Carragher á reyndar hlut í markinu eftir klaufalegan varnarleik og Jerzy Dudek hefði hugsanlega getað gert betur sem og í fyrsta markinu í leiknum. Allur vindur var úr heimamönnum í kjölfarið og Arsenal fagnaði sætum sigri.

Það er allt annar bragur á Arsenal-liðinu með tilkomu Henry sem var gríðarlega sáttur í leiklok.

„Menn voru virkilega tilbúnir að leggja mikið á sig í dag og þá allir sem einn. Þeir pressuðu okkur stíft síðustu 20 mínúturnar og ég verð að segja að ég ber mikla virðingu fyrir þessum velli og áhorfendum herna. Það er ekki ónýtt að geta þaggað niður í slíkum áhorfendum,“ sagði Henry en hinn markaskorarin, Rosicky, sagðist hafa ætlað að gefa á Henry



STÓRKOSTLEGU MARKI FAGNAÐ Thierry Henry fór illa með varnarmann og markvörð Liverpool þegar hann tryggði Arsenal sigur á Anfield í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY IMAGES

í öðru marki sínu en síðan hætt við.

Hann hrósaði Henry í hástert og sagði það skipta liðið miklu að hann væri farinn að leika með lið-

inu á nýjan leik og ef eitthvað mið er tekið af frammistöðu hans í gær þá er hann svo sannarlega á réttri leið á nýjan leik.

henry@frettabladid.is

ÚRSLIT GÆRDAGSINS

Enski bikarinn:

TAMWORTH-NORWICH	1-4
Storer - Dion Dublin 2, Darren Huckerby 2.	
PETERBOROUGH-PLYMOUTH	1-1
PORTSMOUTH-WIGAN	2-1
Andy Cole, Kanu - McCullough.	
PRESTON-SUNDERLAND	1-0
Brett Ormerod.	
BIRMINGHAM-NEWCASTLE	2-2
Campbell, Larsson - Taylor, Dyer.	
QPR-LUTON	2-2
BLACKPOOL-ALDERSHOT	4-2
BRISTOL CITY-COVENTRY	3-3
SHEFF. UTD-SWANSEA	0-3
SOUTHEND-BARNSELY	1-1
TORQUAY-SOUTHAMPTON	0-2
CHELSEA-MACCLESFIELD	6-1
Frank Lampard 3, John Obi Mikel, Shaun Wright-Phillips, Ricardo Carvalho - Murphy.	
WATFORD-STOCKPORT	4-1
CHESTER-IPSWICH	0-0
CRYSTAL PALACE-SWINDON	2-1
WBA-LEEDS	3-1
McShane, Hartson, Phillips - Robinson, sjm.	
DONCASTER-BOLTON	0-4
- Davies, Teymourian 2, Tal.	
WOLVES-OLDHAM	2-2
HULL-MIDDLESBROUGH	1-1
Forster - Viduka.	
LEICESTER-FULHAM	2-2
Kisnorbo, Cadamareri - McBride, Volz.	
NOTT. FOREST-CHARLTON	2-0
LIVERPOOL-ARSENAL	1-3
Kuyt - Thomas Rosicky 2, Henry.	

Skilaboð til Shevchenko:

Stærstu mistök á ferli hans

FÓTBOLTI Igor Surkis, forseti Dynamo Kiev, sagði í viðtali í gær að Andriy Shevchenko væri hvenær sem er velkominn aftur til félagsins. Surkis seldi leikmanninn á sínum tíma til ítalska liðsins AC Milan en þessi þritugi sóknarmaður hefur alls ekki fundið sig hjá Englandsmeisturum Chelsea í vetur.

„Að fara til Chelsea voru stærstu mistök sem hann hefur gert á sínum ferli. Silvio Berlusconi, forseti AC Milan, mun aldrei taka við honum aftur en ég vonast til að geta lokkað hann aftur til Dynamo,“ sagði Surkis.

- egm

Skallagrímur vann góðan sigur á Keflavík 100-98 í spennandi leik í Iceland Express deildinni í gær:

Óvænt spennu undir lok leiksins

KÖRFUBOLTI „Þegar leikhléið var búið og ég var að labba á vítalínuna þá reyndi ég bara ekkert að hugsa út í mikilvægi þess að ég myndi hitta. Ég tók þetta bara eins og öll önnur víti sem ég tek,“ sagði Axel Kárasón, leikmaður Skallagríms, sem tryggði sínum mönnum sigur á heimavelli gegn Keflavík með því að setja niður tvö vítaskot undir lok leiksins. Borgnesingar voru yfir nær allan leikinn en undir lokin myndaðist óvænt spennu. Á endanum tókst Skallagrími þó að landa sigrinum 100-98 og Valur Ingimundarson, þjálfari Skallagríms, bar sigurorð af Sigurði bróður sínum sem þjálfar Keflavíkurlíðið.

„Þeir komu með svæðisvörnina á lokakaflanum og þá leituðum við inn á Flake. Það er leitur á því að

taka mörg þriggja stiga skot og að spila bara upp á þau, við gerðum það síðarnefnda. Þeir voru mjög góðir í seinni hálfleik og Maggi (Magnús Þór Gunnarsson) átti stórleik í síðasta kafla leiksins og átti stóran þátt í því að þeir náðu að koma svona til baka,“ sagði Axel. Skallagrímur hafði sautján stiga forskot í hálfleik en gestirnir komu ákveðnir til leiks í síðari hálfleiks og var staðan jöfn 98-98 þegar Axel fór á vítalínuna á lokasekúndunum.

„Með þessum sigri tókst okkur að komast aftur í þennan pakka sem hefur skapast á toppi deildarinnar. Við duttum aðeins af sporinu milli jóla og nýárs í leiknum gegn ÍR. Næstu tveir deildarleikir verða mjög mikilvægir fyrir okkur, Njarðvík á útvelli og svo

KR heima. Það er óvanalegt en stórskemmtilegt hvernig þetta hefur spilast og það má ekkert út af bera. Þá eru fleiri stórleikir í deildinni en áður,“ sagði Axel. Skallagrímur hefur átján stig en þar fyrir ofan eru Njarðvík og KR með tuttugu stig, liðin tvö sem Borgnesingar mæta í næstu leikjum.

Darrel Flake var stigahæstur í liði Skallagríms með 29 stig en Dimitar Karadzovski var með 24. Magnús Þór Gunnarsson var besti leikmaður Keflavíkur en hann skoraði 30 stig.

- egm



GÓÐAR TAUGAR Axel Kárasón tryggði Sköllunum sigur af vítalínunni.

GAMANÁ ÞRIÐJUDAGSKVÖLDUM

NÝTT



ALI G, BORAT OG BRUNO

NÝTT



THE LOOP

NÝTT



AMERICAN DAD



**BYRJAR 9. JANÚAR
Á SIRKUS TV**



SIRKUS TV

> BEN KINGSLEY

Ben Kingsley er einn af virtustu leikurum Bretlands og var hann aðlaður af Englandsdrottningu árið 2001. Hann er hálfur Indverji og hálfur Englendingur en fyrsta alvöru frumraun hans var í leikriti 1966 sem Brian Epstein, framkvæmdastjóri Bitlanna, setti á svið. Hann hefur átt misjöfnum vinsældum að fagna fyrir leik sinn en sérstaklega hefur leikur hans síðustu ár verið umdeildur. Hann lék meðal annars í Schindler's List og átti að leika í myndinni München sem sýnd var á síðasta ári en þurfti að hætta við. Kingsley leikur í myndinni House of Sand and Fog sem sýnd verður á Stöð 2 Bíó í kvöld.



VIÐ TÆKIÐ BRYNHILDUR BJÖRNSDÓTTIR VILL VITA HVER ER BAK VIÐ TJÖLDIN

Hvað liggur á?

Fólkið bak við tjöldin ... klipparinn, hljóðmaðurinn, tókukonan, tæknistjórinn, þýðandinn, myndblanderinn, förðunarmeistarinn, vaktstjórinn ... allt þetta fólk kemur mér við. Án starfa þessa fólks væri fréttatíminn ekki sá sami. Myndirnar væru tilviljanakennd skot út í loftið, ef það væru þá einhverjar myndir með fréttunum sem fréttapúlmirnir læsu. Og ef fréttapúlmirnir væru allan tímann í mynd grænir og guggnir og gersamlega ófarðaðir held ég að fáir myndu nenna að horfa á jafnvel Ragnhildi Steinunni. Án smíðanna stæði fólkið sem er fyrir framan tjöldin í köldu og óspennandi umhverfi, án hljóðmannsins myndi enginn heyra í þeim. Og því er mér spurn: af hverju er fólkinu á bak við fréttatímann og Kastljósið ekki sýnd meiri virðing en raun ber vitni? Í lok fréttatímans rennur borði á ljóshraða framhjá fréttapúlnum með nöfnunum á öllu fólkinu sem gerir fréttatímann mögulegan. Stundum er þulurinn enn að tala en það breytir svo sem engu því ég gæti aldrei náð því

að lesa þennan kredit-leysi-geisla þótt það væri ekki rödd að trufla mig. Þetta er eins og einhver kjánaleg skyldurækni, eins og það sé ill nauðsyn að nafngreina fólkið bak við tjöldin, eins og það sé í kjarasamningum og megi alls ekki sleppa því en loksins hafi verið fundin upp leið til að komast framhjá því með því að spýta nöfnunum þeirra gersamlega ólæsilega út í ljósvakann. Eg vil vita hvað þetta fólk heitir og hvað það gerir. Eða að minnsta kosti komast hjá því að fá svima við að reyna að lesa nöfnin þeirra á ljóshraða.



dagskrá

EKKI MISSA AF



▶ 13:10 Danmörk - Ísland RÚV



▶ 13:50 Manchester United - Aston Villa Sýn



▶ 19:45 Sjálfstætt fólk Stöð 2



▶ 20:00 Freddie Mercury Sirkus



▶ 22:30 30 days Skjár einn

STÖÐ 2 BÍÓ

- 08.00 Morgunstunden okkar
- 08.01 Sammi brunavörður (19:26)
- 08.31 Hopp og hí Sessamí (34:52)
- 09.00 Stjáni (65:65)
- 09.25 Sígildar teiknimyndir (17:42)
- 09.33 Herkúles (17:28)
- 09.54 Tobbí tvisvar (40:52)
- 10.02 Spæjarar (51:52)
- 10.17 Allt um dýrin (13:25)
- 10.45 Hátiðarsýning á ís
- ▶ 13.10 Landsleikur í handbolta Bein útsending frá leik Danmerkur og Íslands í Bröndbyhallen í Kaupmannahöfn.
- 14.50 Hvað veistu? (Viden om)
- 15.20 Astmi og ofnæmi
- 15.40 Ísmaðurinn
- 16.25 Lithvörð (1:12)
- 16.35 Gerð myndarinnar Köld slóð
- 17.00 Haförninn: Hinn helgi örn
- 17.50 Tákn málsfréttir
- 18.00 Stundin okkar (16:30)
- 18.30 Leirkarlinn með galdrhattinn
- 18.40 Bláa rósín
- 19.00 Fréttir
- 19.35 Kastljós
- 20.10 Tíu fingur (10:12)
- 21.10 Lovisa og Carl Michael (1:2) (Lovisa och Carl Michael) Svænsk mynd í tveimur hlutum frá 2005.
- 22.10 Helgarsportíð
- 22.35 Ástarsamband (Cet amour-là) Frönsk bíómynd frá 2001.

BÍÓ STÖÐ 2 BÍÓ

- 08:05 Kalli á þakinu
- 10:00 Blue Sky (e) (Heiður himinn)
- 12:00 Head of State (Þjóðhöfðinginn)
- 14:00 Forrest Gump (e)
- 16:20 Kalli á þakinu
- 18:00 Blue Sky (e) (Heiður himinn)
- 20:00 House of Sand and Fog (Hús byggt á sandi) Bönnuð börnum.
- 22:05 Confessions of a Dangerous Mind Bönnuð börnum.
- 00:00 Frailty Stranglega bönnuð börnum.
- 02:00 Malicious Intent (Civility) (Með illt í huga) Stranglega bönnuð börnum.



- 07:00 Myrkfælnu draugarnir (64:90)
- 07:10 Pocoyo
- 07:20 Töfrastígvélin
- 07:25 Addi Panda
- 07:30 Barney
- 07:55 Stubbarnir
- 08:20 Doddi litli og Eyrnastór
- 08:30 Kalli og Lóla
- 08:40 Könnuðurinn Dóra
- 09:05 Grallararnir
- 09:25 Codename: Kids Next Door
- 09:45 Kalli litli kanína og vinir hans
- 10:10 Ævintýri Jonna Quests
- 10:30 Bratz
- 10:50 Sabrina - Unglingsnornin
- 11:15 Galdrastelpurnar (17:26)
- 11:35 Ljónagrín (Father of the Pride)
- 12:00 Hádegisfréttir
- 12:25 Silfur Egils
- 14:00 Neighbours
- 16:30 Í sjöunda himni með Hemma Gunn Íslenskur skemmtiþáttur.

- 17:45 Martha (Vanessa Marcil & Ana Gasteyer) Spjallþættir með fjölmiðla- og athafnakonunni vinsælu Mörthu Stewart.
- 18:30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19:10 Kompás
- ▶ 19:45 Sjálfstætt fólk
- 20:20 Cold Case (1:24) (Rampage) Árið 1995 gengur tveir unglingsstrákar bersersksgang í verslunarmiðstöð, skutu í allar áttir með byssum og frömdu síðan sjálfsmorð.
- 21:05 Numbers (10:24) (Tölur)
- 21:50 Thief (5:6) (Þjófur) Nick kemst að því að Tammi er hlaupin á brott á sama degi og ránið átti að eiga sér stað. Nick fær óvænta heimsókn frá Hayes.
- 22:35 60 mínútur (60 Minutes)
- 23:25 X-Factor (e) (7:20)

- 00:20 Barbershop (Rakarastofan)
- 02:00 Elizabeth Taylor: Facets
- 03:30 Nueve reinas (Nine Queens)
- 05:20 Cold Case (1:24)
- 06:00 Fréttir (e)
- 06:40 Tónlistarmyndbönd frá Popp TÍVÍ

SIRKUS TV

- 17:30 The Hills (e)
- 18:00 Seinfeld (5:24) (e)
- 18:30 Fréttir, íþróttir og veður
- 19:10 Seinfeld (6:24) (e) Á meðan Kramer kemur gömlu sviðsmyndinni úr spjallþáttum Mervs Griffins fyrir í íbúðinni sinni leggur Jerry á ráðin um að komast yfir gamlar gersemar sem eru faldar í fataskápn-um hjá vinkonu hans.
- 19:35 Four Kings (e) Gamanþættir frá höfundum Will & Grace þar sem fylgst er með fjórum æskuinum sem ákveða að flytja saman í íbúð í New York. Vinirnir, sem eru allir á þrítugsaldrinum, hegða sér ennþá eins og þeir séu unglingar en alvara lífsins er þó skammt undan hjá þeim. Þegar vinirnir flytja í íbúðina fer fyrst að reyna á vinskapi þeirra og alls ekki víst að vinskapurinn þoli sambúðina.
- ▶ 20:00 Freddie Mercury: A Kind Of Magic Sirkus sýnir glænýja heimildarmynd um Freddie Mercury þar sem sýnt er nýtt efni um hann, skyggst er á bakvið tjöldin og líf hans sett undir smásjána. Meðal þeirra sem ræða um Freddie eru Roger Taylor úr Queen og konungur poppsins Robbie Williams.
- 21:00 Queen Live at Wembley Magnaðir tónleikar Queen á Wembley frá árinu 1986.

- 22:00 Pepper Dennis (e) Pepper Dennis er metnaðarfull fréttakona sem þráir ekkert heitar en að verða fréttapúlar í vinsælasta fréttatíma Chicago borgar.
- 22:45 The Player (e) Þrettán karlmenn berjast um hylki ofurskutlunnar Dawn Olivieri í þessu þáttum þar sem einn mun standa uppi sem sigurvegari.
- 23:30 Sirkus Rvk (e)
- 00:00 Entertainment Tonight (e)
- 00:25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV

N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

Fréttapúturinn Kortur er sýndur kl. 18.15 og endursýndur á klukkutíma fresti til kl. 9.15.



Dagskrá allan sólarhringinn.

SKJÁREINN

- 10:45 2006 World Pool Championships - NÝTT
- 12:45 Love, Inc. (e)
- 13:15 Out of Practice (e)
- 13:45 Venni Páer (e)
- 14:15 One Tree Hill (e)
- 15:15 Queer Eye for the Straight Guy (e) Fimm samkyntneigðar tiskulöggar þefa uppi lúðalega gaura og breyta þeim.
- 16:15 America's Next Top Model VI (e)
- 17:15 Million Dollar Listing - NÝTT (e)
- 18:15 Rachael Ray (e)
- 19:10 Battlestar Galactica (e)
- 20:00 2006 Land Rover G4 Challenge - NÝTT Spennandi bílþáttaröð þar sem keppendur frá átján löndum taka þátt í skemmtilegri keppni sem reynir á hæfileika, úthald og útsjónarsemi. Keppnin fer fram í fjórum áföngum á fjórum vikum. Fyrstu tveir áfangarnir fara fram í Asíu en síðari tveir í Suður-Ameríku.
- 20:30 Celebrity Overhaul
- 21:30 Boston Legal - NÝTT Þriðja þáttaröðin í þessu bráðfýndna lögræðidrama þar sem fylgst er með skrautlegum lögræðingum í Boston. James Spader og William Shatner hafa báðir hlotið Emmy-verðlaun fyrir frammistöðu sína í þáttunum.
- ▶ 22:30 30 Days - NÝTT Mögnuð þáttaröð frá Morgan Spurlock, manningum sem vakti heimsathygli þegar hann gerði heimildarmyndina Super Size Me. Í þessari þáttaröð heldur hann áfram með sama þema og prófar að setja sig í spor annarra í einn mánuð. Í fyrsta þættinum prófar hann að lífa af lágmarkslaunum í einn mánuð ásamt eiginkonu sinni og síðar á hann m.a. eftir að prófa að dýsa í 30 daga í fangelsi. Hann fær einnig aðstoð frá fleira fólki sem er tilbúið til að umturna lífi sínu í mánuð.
- 23:30 Da Vinci's Inquest
- 00:20 Law & Order (e)
- 01:10 The Real Housewives of Orange County (e)

SKJÁR SPORT

- 13:30 Upphitun (e)
- 14:00 Arsenal - Charlton (frá 2. jan)
- 16:00 AC Milan - Juventus (frá 06. jan)
- 18:00 Reading - West Ham (frá 1. jan)
- 20:00 Man. City - Everton (frá 1. jan)
- 22:00 Wigan - Blackburn (frá 1. jan)
- 00:00 Dagskrárlök

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | VODAFONE



NÝ ÞÁTTARÖÐ!

GÁTAN RÁÐIN
Í GÖMLUM SAKAMÁLUM

Glæný þáttaröð af Cold case í kvöld kl. 20:20



Í KVÖLD

STÖÐ 2 KL. 20:20

Cold Case

Fyrsti þáttur í nýrri þáttaröð þessa vinsæla spennuþáttar þar sem Lily Rush fer fyrir sérstakri deild innan rannsókn-arlögreglunnar í Filadelfíu-borg sem sérhæfir sig í að taka upp rannsókn á óleystum sakamálum, gjarnan morðmálum. Í þessum fyrsta þætti fjórðu þáttaraðar tekur Lily á ný upp rannsókn á fjöldamorðum sem tveir unglingsdrengir frömdu árið 1995. Það sem lá fyrir þegar málinu var lokað var að tveir unglingsdrengir hefðu gengið berserks-gang í verslunarmiðstöð, skotið í allar áttir með byssum, myrt saklausa vegfarendur og síðan svipt sig lífi. Ný sönnunargögn, sem komið hafa fram í dagsljósið, benda hins vegar til þess að þriðji aðilinn kunni að hafa verið viðriðinn fjöldamorðin.



VIÐ MÆLUM MEÐ KOMPÁSI Á STÖÐ 2 KL. 19.10

Eru margir heimilislausir Íslendingar í Kaupmannahöfn? Sighvatur Jónsson fréttmaður fór á stúfana og í Kompási í kvöld rifjar hann meðal annars upp sögu Halla heimilislausa, Íslendingins sem var hent fyrir lest í haust. Hann heimsótti einnig athvörfin sem eru starfrækt í Kaupmannahöfn fyrir heimilislaust fólk. Slátrariinn frá Bagdad fékk að kenna á eigin meðulum þegar hann var hengdur á dögnum. Fáir syrgja Saddam Hussein en samt bendir fátt til að ofbeldinu í Írak muni linna þótt hann sé allur. Lítið er yfir blóði drifinn feril hans og skoðað hvaða áhrif dauði hans hefur á vargöldina í Írak.



RÁS 1 FM 92,4/93,5

8.00	Fréttir	16.08	Veðurfregni
8.05	Morgunandakt	16.10	Heimurinn okkar
8.15	Tónlist á sunnudagsmorgni	17.00	Síðdegi skógarþúkanna
9.00	Fréttir	18.00	Kvöldfréttir
9.03	Lóðrétt eða lárétt	18.25	Auglýsingar
10.00	Fréttir	18.26	Seiður og hélog
10.05	Veðurfregni	19.00	Afsprengr
10.15	Bókabing	19.50	Óskastundin
11.00	Guðspjónusta	20.35	Sagnaslóð
12.00	Hádegisútlarp	21.15	Laufskálinn
12.20	Hádegisfréttir	21.55	Orð kvöldsins
12.45	Veðurfregni	22.00	Fréttir
13.00	Útvarpsleikhúsið: Fjallkirkjan	22.10	Veðurfregni
13.50	Fiðla Mozarts	22.15	Til allra átta
14.17	Söngvamá	23.00	Andrarímur
15.00	Arfur Bríetar	0.00	Fréttir
16.00	Fréttir		

FM 90,9 Talstöðin FM 99,4 Útlarp Saga FM 98,9 Bylgjan FM 95,7 FM957 / Topp tónlistarstöðin FM 102,2 Útlarp Latibær / Fjölskyldu útlarp FM 102,9 Lindin / Kristilegt efni FM 96,7 Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying FM 105,5 Útlarp Boðun / Kristilegt efni FM 89,5 Kiss / Nýja bítið í bænum FM 88,5 XA-Radíó / 12 spora efni FM 91,9 XFM / Tónlist og afþreying FM 97,7 X-ID / Enginn viðbjóður

SYN

07:30 Gillette Sportpakinn

07:55 FA Cup 2006 (Liverpool - Arsenal)

09:35 Ameríski fótboltinn

10:05 Box - Samuel Peter vs. Jam

12:10 Spænski boltinn (Zaragoza - Sevilla) Útsending frá leik á Spáni.

▶ 13:50 FA Cup 2006 (Man. Utd. - Aston Villa) Bein útsending frá viðureign úrvalsdeildarliðanna Manchester United og Aston Villa í 3. umferð ensku bikarkeppinnar.

15:50 Spænski boltinn (Getafe - Barcelona) Bein útsending. Á sama tíma fer fram leikur Cardiff og Tottenham á Sýn Extra.

17:50 Spænski boltinn (Deportivo - Real Madrid) Bein útsending frá leik Deportivo La Coruna og Real Madrid í spænska boltanum. Real byrjaði tímabilið skrykkjótt en virðist ætla að blanda sér fyrir alvöru í baráttuna um titilinn.

19:50 Spænski boltinn (Villarreal - Valencia) Bein útsending frá Spáni.

21:50 NFL - ameríska ruðningsdeildin (Philadelphia - NY Giants) Bein útsending frá leik austurstrandarliðanna Philadelphia Eagles og New York Giants í úrslitakeppni bandaríska NFL ruðningsins en nú fer að draga til tíðinda í þessari skemmtilegu deild.

00:20 FA Cup 2006 (Cardiff - Tottenham) Útsending frá leik í ensku bikarkeppinni í knattspyrnu.

FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

20.00 Nýjar eignir – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar

21.00 Einbýlishús – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!

22.00 Fjölbýli og hæðir – Litlar og meðalstórar eignir sýndar

23.00 Nýjar eignir e.

0.00 SMS eignir – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

DR 1

6.30 Mickeys klubhus 6.55 Den lille røde traktor 7.05 Søndagsfandango 7.30 Lille Nord 8.00 Store Nord 8.30 Junior 9.00 Hannah Montana 9.25 Flight 29 savnes! 9.50 Helt sikkert DR 10.00 Buddhas Barn 11.00 TV Avisen 11.10 Boxen 11.30 Boogie Listen 12.30 Hjerteflimmer - det bedste af det bedste 13.00 Gudstjeneste i DR Kirken 13.45 DR Dokumentar - Grevinden på tredje 14.45 HåndboldSøndag Slagelse - Hypo Niederösterreich 16.30 Bamse's Billedbog - hvor alting synker i jorden 17.00 Familien Knurhår 17.25 OBS 17.30 TV Avisen med Sport og Vejret 18.10 Landsbyhospitalet 19.00 Forbrydelsen 20.00 90 års fødselsdagen 20.40 SøndagsSporten 20.55 Dødens Detektiver 21.20 Maria Full of Grace 22.55 OBS 23.00 DR1 Dokumentaren - Sig det ikke til nogen

NRK1

6.30 Stá opp 6.40 Lisa 6.50 Teddy og Annie 7.05 Filmlene 7.25 Bravo Bibbi! 7.40 Disneytímen 8.35 Familien Pling 9.00 NRKs sportssøndag 10.20 V-cup skiskyting: Jaktstart kvinner 11.20 V-cup alpin 12.20 Snøbrett: TTR-serien: Sammen drag fra Davos 12.45 FIS Tour de Ski: 10 km fri kvinner 14.15 FIS Tour de Ski: 15 km fri menn 15.15 Hoppuka 16.20 Sport i dag 16.35 Hoppuka 17.25 Barne-tv 17.45 Rått egg og sardinolje 18.00 Søndagsrevyen 18.45 Sportsrevyen 19.15 Planeten vår 20.05 Så som i himmelen 22.10 Kveldsnytt 22.25 Dok1: Sjåen av Iran 23.15 P3-Session: Thomas Dybdahl og KORK 0.15 Ungkarsreiet

SVT 1

8.00 Jullovsmorgon: Aktiebolaget Häxan Surtant 9.00 Alpin: Världscupen Maribor 9.30 Kärleksagenterna 9.55 Fredagsröj 10.30 Lejonen från Flatåsen 11.00 På spåret 12.00 Galaspektakel 13.00 Skidor: Världscupen Val di Fiemme 15.30 Från realism till stämningskonst 16.00 Norska kungafamiljen 2006 17.00 Upp med humöret, Emil 17.30 Tillbaka till Vintergatan 18.00 Nära djuren 18.30 Rapport 19.00 Sportspegeln 19.45 Inför Svenska Idrotts galan 2007 19.55 Radiohjälpen hjälper i Swaziland 20.00 Tusenbröder III 21.30 Segling: Jorden runt på 50 dagar 22.30 Rapport 22.40 City by the Sea 0.25 Sändningar från SVT24



Boston Legal

Þriðja þáttaröðin í þessu bráðfyndna lögfræðidrama hefur göngu sína á SkjáEinum í kvöld. Sérvitringarnir Alan Shore og Denny Crane er mættir til leiks á ný, skrautlegri en nokkru sinni fyrr.





... fær rithöfundurinn Ólafur Jóhann Ólafsson en bók hans *Aldingardurinn var nýlega útnefnd ein af þremur bestu bókum síðasta árs af Pulitzer-verðlaunahafanum Judith Miller.*

Magni ósáttur við kjaftakellingar á netinu

„Þetta flokkast ekki einu sinni undir kjaftasögur. Þetta er ekki svara-vert en svona viðbrögð voru náttúrlega viðbúin,“ segir Magni Ásgeirsson aðspurður um þær kjaftasögur að söngkonan Dilana hafi komið upp á milli hans og Eyrúnar Haraldsdóttur. Allt hefur verið morandi í slíkum grósögum á netinu. Eins og greint var frá í Fréttablaðinu í gær hafa Magni og Eyrún ákveðið að slíta samvistum og vakti sú ákvörðun mikla athygli hér heima og meðal aðdáenda hans.

Opinberri aðdáendasíðu Magna, magni-ficent.com, var lokað í gærmorgun eftir að einn notandi gekk svo langt að falska frétt um þessar sögusagnir og notaði til þess útlit hinnar virtu fréttastofu CNN.com. Þegar síðan var opnuð aftur seinnipartinn var fréttin horfin en ekki stóð á hördum viðbrögðum dyggja aðdáenda söngvarans við þessu upptækni. „Þetta er svo tillitslaust og grimmdarlegt að það nær engri átt [...] Legg til að þessum aðila verði hent út enda eiga svona notendur ekki heima á aðdáendasíðu Magna,“ skrifar notandinn SmokyBay og aðrir taka í sama streng.

Á barnalandi.is hefur spjallsvæðið verið undirlagt af kjaftasögum í svipuðum dúr og segir Magni að þeir notendur sem breiði út slíkan óþverra ættu frekar að líta í eigin barm. Alls voru stofnaðir sautján spjallþræðir í kringum málið á svæðinu og er talið að yfir fimm þúsund notendur hafi skoðað eða tjáð sig um sambandslit Magna og Eyrúnar.

- fgg



MAGNI ÁSGEIRSSON
Segir þessar grósögur ekki svaraverðar en hafði búist við þessum viðbrögðum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HRÓNN

FRÉTTIR AF FÓLKI

Lagahöfundar í Eurovisionkeppni Ríkissjónvarpsins eru margir hverjir í miklum vandræðum með að finna flytjendur fyrir lög sín. Magni Ásgeirsson var að mati margra álitlegur kostur en hann verður ekki á landinu þegar keppnin fer fram. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur Regína Ósk ákveðið að gefa ekki kost á sér og Birgitta Haukdal mun ekki vera ýkja spennit fyrir þátttöku en þar með eru horfnar helstu vonarstjórnur Íslands í þessari vinsælu keppni.

- fgg



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR: FÓLK EKKI ALLTAF ÁNÆGT MEÐ SPAUG

Hörð viðbrögð við brandara

„Bók ársins: Minnislaus stelpa frá Stokkseyri. Margrét Frímansdóttir heimfærir endurminningar Thelmu Ásdísardóttur upp á sjálfa sig.“ Þessa færslu er að finna á vefsíðunni Múrin.is en þar eru rifjuð upp markverðustu atvika ársins 2006. Undir hana skrifa meðal annars bræðurnir Sverrir og Ármann Jakobssynir auk systur þeirra, Katrín Jakobsdóttir sem gegnir stöðu varaformanns hjá vinstri grænum.

„Þetta er grín og skal viðurkenna það að margir þeirra brandara sem birtast á síðunni eru ekkert sérstaklega smekklegir,“ segir Katrín. „Þetta er hins vegar ekki í fyrsta sinn sem fólk er óánægt með spaug af þessu tagi,“ bætir hún við.

Katrín áréttar að sá sem skrifaði brandarann hafi haft í huga grein Jóns Baldvins Hannibalssonar um bókina en hún birtist í Lesbók Morgunblaðsins. „Þar líkir Jón Baldvin sumu úr bók Margrétar við hið versta heimilisofbeldi og brandarinn er því tilvísun í þau skrif. Viðkom-



KATRÍN JAKOBSDÓTTIR Segir meint spaug vera tilvísun í skrif Jóns Baldvins um bók Margrétar Frímansdóttur.

andi fannst orð Jóns Baldvins því fara langt yfir strikið,“ útskýrir Katrín. Í gær var síðan birt athugasemd frá hluta af ritstjórn vefsíðunnar á síðunni þar sem brandarinn var útskýrður enn frekar.

EKKI hefur hins vegar staðið á viðbrögðum við þessari færslu og skrifaði Björn Ingi Hrafnsson, borgarfulltrúi Framsóknarflokksins í Reykjavík, langa hneykslungargrein um málið á vefsíðu sinni. „Ég

hef séð ýmislegt þegar kemur að pólitísku karpi og þó ég sé enginn sérstakur stuðningsmaður Margrétar Frímansdóttur, þá finnst mér þetta ómaklegar árásir á hana og ósmekklegt að tengja æviminningar hennar við þolraunir Thelmu Ásdísardóttur. Menn geta grínast en þetta er ekki fyndið. Margrét hefur augljóslega snert viðkvæmar taugar með bók sinni,“ segir Björn Ingi og bætir við að þetta hljóti að springa framan í ritstjórnarmeðlimi Múrsins.

„Ei, greyin,“ segir Margrét Frímansdóttir sem ekki hafði heyrt af þessari færslu fyrir en hún var lesin upp fyrir hana í símanum. „Gagnvart Thelmu er þetta ótrúlega smekklaust og ég er eiginlega bara alveg hissa,“ lýsir hún yfir. Miðað við viðbrögðin við þessum brandara væri ef til vill nærtækast að rifja upp orð Þorsteins Guðmundssonar. „Látið fagmenn um grínið.“

freyrgjiga@frettabladid.is

BJÖRN INGI HRAFNSSON
Finnst þetta ómaklegar árásir á Margrétu og þykir ósmekklegt að tengja æviminningar hennar við þolraunir Thelmu Ásdísardóttur.



MARGRÉT FRÍMANSDÓTTIR
Sendir formanni vinstri grænna tóninn í æviminningum sínum en segir brandara Múrverja vera smekklausan.



FRÉTTIR AF FÓLKI



Vefsíðan Panama.is hóf göngu sína á föstudaginn og í fyrstu grein vefjarins er leitað álitis hjá þeim sem voru teknir fyrir í Áramótaskaupi sjónvarpsins. Meðal þeirra sem gefa álit sitt eru **Ólafur Geir Jónsson**, fyrrum Herra Ísland og **Silvía Nótt**. Fyrst fyrir svörum varð hins vegar fegurðardrottningin **Unnur Birna Vilhjálmisdóttir**

og segir Unnur að hún hafi átt von á meira gríni á sinn kostnað. „Mér fannst þetta bara fyndið. Ég átti þetta mikið skilið,“ segir Unnur. „Þetta var mun saklausara en ég átti von á. Ég bjóst við því að vera tekin mun verr fyrir,“ bætir hún við.

Rithöfundurinn **Andri Snær Magnason** segist hafa búist við því að **Baltasar Kormákur** myndi leika sig í Skaupinu. „Halldór Gylfason er reyndar alveg kyntákn út af fyrir sig samt. Maður verður kannski bara að vinna sig upp,“ sagði Andri og bætti því við að hann hefði verið ansi stressaður á meðan á Skaupinu stóð. „Ég var auðvitað með hjartað í buxunum eftir upphafsatriðið og vissi ekki hverju ég gæti átt von á í kjölfarið. En ég var mjög feginn þegar þetta var búið,“ segir Andri. **Brynja Björk Garðarsdóttir**, blaðamaður á Séd & Heyrt, sagðist hafa átt grínið skilið og var ánægð með túlkun **Elmu Lísu Gunnarsdóttur** á sjálfri sér. „Ég var bara rosalega heppin að fá svona sæta stelpu til að leika mig en ekki til dæmis **Örn Arnason** með hárkollu.“

- fgg



Gefðu vatn

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is



Námskeið vor 2007

- Svingnámskeið :
13. og 27. janúar - 10. og 24. febrúar
10. og 24. mars - 14. apríl
- Línudansar á þriðjudagskvöldum - Stök kvöld
Námskeiðin hefjast 16. janúar
- Verðum ballfær - Blandaðir dansar
Hvert námskeið er 4 sunnudagskv. kl. 20.30 - 22.30
Námskeiðin hefjast 14. janúar, 11. febrúar og 11. mars
- Salsa Byrjendanámskeið 27. janúar
Framhaldsnámskeið 10. febrúar
- Glidende Gásving Byrjendanámskeið 24. febrúar
- Framhaldssving - Silfurmolar 14. janúar kl. 16.30

KOMIÐ OG DANSIÐ!

LÆRÐU
LETTA
DANSSVEIFLU
Á TVEIM DÖGUM!
NÆSTU NÁMSKEIÐ
13. og 27. janúar

Sjá dagskrá á heimasíðu
www.komidogdansid.is

557 7700

DANSHÖLLIN

Drafnarfelli 2 111 Reykjavík
kod@komidogdansid.is

Fegnir að vera einhleypir

Trommarabræðurnir Hanni og Halli Bachmann eru nú að leggja lokahönd á undirbúning flutninga til Kaupmannahafnar og eru orðnir nokkuð spenntir. „Það er heimlíkið sem þarf að græja fyrir þetta,“ segir Hanni en þeir bræður eru á þönum um allan bæ í útréttingum þessa síðustu daga fyrir flutningana. „Við flytjum í lok vikunnar og erum komnir með vinnu við að mála til að byrja með og íbúð á mjög góðum stað,“ bætir Hanni við en þeir bræður hafa báðir starfað við húsamálan hér heima og því þaulvanir slíku.

Bræðurnir tóku ákvörðunina síðastliðið sumar um að flytja út um áramótin enda voru þeir báðir einhleypir. „Við pössuðum okkur vel á að ganga ekki út í millitíðinni,“ segir Hanni og hlær.

Hanni, sem hefur verið trommuleikari í Skítamóral frá upphafi, segir hljómsveitina nú vera komna í frí og algjörlega óráðið hvort eða hvenær hún taki upp þráðinn aftur. „Það er best að vera ekki með neinar yfirlýsingar um það því við gætum þess vegna komið saman eftir tvö ár eða tíu og jafnvel bara um páskana.“



SPENNTIR PIPARSVEINAR Hanni og Halli flytja til Kaupmannahafnar í lok næstu viku. Þar munu þeir starfa sem málarar fyrst um sinn en síðan setjast á skólabekk.

FRÉTTABLAÐIÐ/BRINK

Hljómsveitin Oxford, sem Halli hefur leikið með á trommur undanfarið, mun hins vegar halda áfram að spila en meðlimirnir hafa fengið Egil Rafnsson til að fylla skarð Halla.

Hanni játar að þrátt fyrir að þeir bræður séu mjög spenntir þá séu þeir með nettan kvíðahnút líka enda stórt skref að flytja milli landa.

- sig

BT



Gleðilegt nýtt ár í BT!

OFURTILBOÐ

TOSHIBA

PSL33E-00G016N5
TOSHIBA SATELLITE L30-140
Intel® CeleronM 410A
14" WideXGA skjár
ATI Radeon X200 skjástýring
512MB DDR Minni (533)
40GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
Innbyggt þráðlaust netkort

Windows XP home edition SP2
Microsoft Works
Microsoft® Office OneNote™ 2003
PowerDVD
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

0%
VEXTIR

5.799*

14"



TAKMARKAÐ
MAGN

5.799
Vaxtalaust 12 mån.

69.588
Staðgreitt

40 GB harður diskur
-Fyrir gögnum

512 MB minni
-Fyrir vinnsluna

DVD skrifari
-Fyrir gléðina

FLAKKARI

Taktu Afrit



250GB

LACIE

300728EK
250GB LaCie USB

14.999

LYKLABOÐ



Lyklaboð
967559-0118
LOGITECH MEDIA ELITE ÍSLENSKT



2.999

OFFICE PAKKINN

Með Tölvu

Office pakkinn
503-00282
MS OFFICE 2003 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur



4.999

MEDION V12 RAZOR með 22" skjá

22"

WIDE
SCREEN

7.084**

VAXTALAUST
1.GREIÐSLA 1.MARS

MEDION®

6249IS
MEDION V12 CORE2 RAZOR
Intel® Core 2 Duo E6300
nVidia GeForce 7600GS -256 MB
- DVI-I/D-SUB/HD TV-out/incl. HDTV
- composite cable / passive heat sink
- w/ HDCP
500 GB 7200 rpm SATA 8MB Cache
(2x250GB)
2048 MB DDR2-RAM PC4300
(533MHz)
LightScribe DVD Skrifari Dual Layer
LAN 10/100 Mbit
IEEE1394/Firewire - DV Ready
Sjónvarpskort og Fjarstýring



Ókeypis uppfærsla af
Windows Vista stýrikerfinu
fylgir!
- Væntanlegt í Febrúar 2007

Prentar-skannar-ljósritar

FYLGIR

14.999



Core 2 Duo
-Fyrir kraftinn

GeForce 7600 GS
-Fyrir leikina

Sjónvarpskort
-Og fjarstýring

500GB harður diskur
-Fyrir gögnum

2GB minni
-Fyrir vinnsluna

DV Ready
-Fyrir tökuvélina

7.084
**Tölvu- og tækjalán 36 mån.

15.799
Vaxtalaust 12 mån.

188.588
Staðgreitt

FRÉTTABLAÐIÐ

SÍMANÚMÉR FRÉTTABLAÐSINS: 550 5000, fax: 550 5099 Rítstjórn: 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
DREIFING: dreifing@posthusid.is Auglýsingaeild: auglysingar@frettabladid.is Veffang: visir.is

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000

SMÁUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS

Stórmarkaður í stofunni heima

PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EDA Á VISIR.IS



BAKÞANKAR

DAVÍÐS ÞÓRS JÓNSSONAR

Litur jólanna

Í jólamánuðinum las ég einhvers staðar að litur jólanna í ár væri svartur. Ég man að ég brosti með sjálfum mér og hugsaði eitthvað á þá leið að enginn væri nú svo leiðitamur leiksoppur hippsins og kúlsins að hann léti telja sér trú um svoleiðis fásinnu. En svo fór ég í bankann.







ÞAR vakti það athygli mína að neðan úr loftinu hjá gjaldkeranum hékk eitthvað kolsvart, oddhvasst og andstyggilegt flykki. Ég þurfti að virða það fyrir mér allengi áður en mér varð ljóst að þetta átti að vera stjarna. Hún líktist nefnilega engri stjörnu, heldur mun frekar pyntingatóli úr einhvers konar sadómasókískri kynlífsdýflissu. Þegar ég litadist betur um í bankanum sá ég líka á miðju gólfi grenitré sem engu var líkara en kviknað hefði í. Það var biksvart.

NÚ hef ég svosem enga sérstaka skoðun á því hver litur jólanna á að vera, þeir koma flestir til greina. Kertin standa á grænum greinum, gul og rauð og blá – þegar fellur hvít logndrifa á grund. Eini liturinn sem að mínu mati kemur alls ekki til greina er svartur, teljist hann yfirhöfuð til lita.

JÓLIN eru hátíð ljóss og friðar. Á jólnum er því fagnað að daginn tekur að lengja, að myrkrið tekur að víkja fyrir birtu. Margir, sem aðhyllast dýpri og andlegri sannleik í lífi sínu en þann einan sem varðar möndulhalla og snúning jarðar, tengja þessi tímamót enn fremur trú sinni á sigur lífsins á dauðanum, kærleikans á hatrinu og almennt alls þess sem ljós getur verið tákn fyrir á öllu því sem myrkur getur verið tákn fyrir. Jólástjarnan skín, hún rýfur myrkrið. Þess vegna er ekki bara táknfræðilega heldur beinlínis eðlisfræðilega rangt að hún geti verið svört.

MYRKRIÐ er svart. Það lýsir því einstaklega yfirgripsmikilli vanþekkingu á eðli jólanna, jafnt sem ljósa- og sólstöðuhátíðar og sem fæðingarhátíðar Krists, að láta sér detta í hug að litur þeirra geti verið svartur.

ÞVI virðast afar lítil takmörk sett hve fólk getur verið reiðubúið til að varpa fyrir róða öllu sem telja mætti til sjálfstæðrar hugsunar til að elta tiskustrauma af fullkominni hlýðni. Ég vil því beina þeim tilmælum til tiskulögga þjóðarinnar að þær láti jólin í friði. Hina 352 daga ársins mega þær mín vegna leika lausum hala. Er það ekki nóg?



www.icelandexpress.is

Flug til 13 áfangastaða á betra verði – ef þú bókar núna!

» Iceland Express hefur flug til fimm nýrra áfangastaða í vor og verða þá áfangastaðirnir orðnir 13 talsins. Sala flugsæta stendur nú yfir og um að gera að tryggja sér lægsta mögulega verð til Evrópu með því að bóka strax á www.icelandexpress.is!

» VERÐ FRÁ:
7.995 kr.

Aðra leið með sköttum.

Iceland Express, Grimsbae, Etstalandi 26, sími 5 500 600

» BÖRN:
50%

Börn, 11 ára og yngri í fylgd meðfullorðnum, fá helmingsslátt af verði fyrir skatta og gjöld.

» www.icelandexpress.is

Iceland Express

fá FJÖLBRAUTASKÓLINN
VIÐ ARMÚLA

Fjarnám á vorönn 2007

Skráning fer fram 5.- 12. janúar

á heimasíðunni www.fa.is/fjarnam

